



**BA ritgerð**  
**Félagsráðgjöf**

**Staða ungs fólks í Reykjavík sem þiggur  
fjárhagsaðstoð vegna námstyrks**

Alexandra Elísa Gunnarsdóttir

**Elísabet Karlsdóttir**  
**Júní 2019**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD





# **Staða ungs fólks í Reykjavík sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námstyrks**

Alexandra Elísa Gunnarsdóttir

040794-2049

Lokaverkefni til BA-gráðu í Félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Elísabet Karlsdóttir

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2019

Staða ungs fólks í Reykjavík sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna  
námstyrks

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf  
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Alexandra Elísa Gunnarsdóttir, 2019

Reykjavík, Ísland, 2019

## Útdráttur

Markmið ritgerðarinnar var að varpa ljósi á stöðu ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks frá Reykjavíkurborg á árunum 2012–2017. Í ritgerðinni var leitast við að kanna hvaða kröfur notendur þurftu að uppfylla til þess að eiga rétt á námsaðstoðinni sem og innsýn félagsráðgjafa og ráðgjafa á ákvörðunartöku og inntöku notendahópsins sem sækir um námsstyrkinn. Til þess að fanga heildarmynd notendahópsins var annars vegar unnið úr fyrirbyggjandi gögnum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og hins vegar úr niðurstöðum rannsóknar á viðhorfum félagsráðgjafa og ráðgjafa. Lagður var spurningalisti um verklag og viðhorf vegna umsókna um námsaðstoð meðal félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar sem vinna náið með ungu fólki sem fá fjárhagsaðstoð.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að notendum fjárhagsaðstoðar hafi fækkað verulega á seinustu fimm árum, eða um rúmlega 70%. Það er því mikilvægt að öðlast skilning á þeim hópi ungra einstaklinga sem eru á námsaðstoðinni. Staða ungs fólks sem þiggur námsaðstoðina er einstaklega erfið þegar horft er á þau skilyrði sem þau þurfa að uppfylla til þess að njóta fjárhagsaðstoðar vegna náms og getur staða þeirra trúlega verið erfiðari en tíðkast hjá öðrum nemendum í framhaldsskóla innan samfélagsins.

Niðurstöður félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar benda til þess að fyrirkomulag fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks sé árangursrík og að úrræðið sé gagnlegt fyrir notendur fjárhagsaðstoðar. Hins vegar voru þeir sammála því að ekki væri auðvelt fyrir notendur sem og almenningi að nálgast upplýsingar um fjárhagsaðstoðina og að mikil þörf væri á úrbótum námsaðstoðarinnar. Þá benda niðurstöður um svörun félagsráðgjafa og ráðgjafa um verklag og viðhorf ákvörðunartöku og inntöku notenda til þess að ákveðið misræmi sé á verklagi og þjónustu til notenda námsaðstoðarinnar á milli þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar.



## Formáli

Lokaritgerð þessi er 12 eininga verkefni til BA-prófs í Félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Unnið var við gerð ritgerðarinnar á tímabilinu janúar til maí 2019.

Elísabet Karlsdóttir aðjúnkt og leiðbeinandi minn fær sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf, góða leiðsögn og verðmætan stuðning á meðan ritgerðarvinnu stóð. Erlu Björgu Sigurðardóttur, deildarstjóri gæða og rannsókna á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar þakka ég fyrir rannsóknarefni og gott samstarf við vinnu ritgerðarinnar. Kærar þakkir fara til félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar sem tóku þátt í rannsókninni. Þá vil ég þakka Dagbjörtu Guðmundsdóttur, prófarkalesara fyrir yfirlesturinn á lokaritgerðinni minni.

Foreldrum mínum, Gunnari Víking Ólafssyni og Tönju Valdimarsdóttur, vil ég þakka fyrir þann dýrmæta stuðning og hvatningu sem þau hafa veitt mér á öllum mínum skólaárum. Ömmu minni, Elísabetu Elsu Albertsdóttur er ég eilíft þakklát fyrir hennar óhaggandi trú á mér til þess að ná lengra í náminu sem og í lífinu. Jóhann Björnsson, kletturinn minn, á skilið heiðursorðu fyrir að styðja ávallt við bak mitt og vera alltaf til staðar fyrir mig. Að lokum vil ég þakka fjölskyldunni minni, systurum mínum sem og vinkonum mínum sem hvöttu mig áfram í náminu.



## Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	5
Efnisyfirlit.....	6
Töfluskrá .....	8
Myndaskrá .....	9
<b>1 Inngangur .....</b>	<b>11</b>
1.1 Meginmarkmið rannsóknar .....	11
1.2 Leyfisbréf fyrir rannsókn.....	12
1.3 Uppbygging ritgerðar .....	12
<b>2 Ungt fólk.....</b>	<b>15</b>
2.1 Ungt fólk.....	15
2.2 Lífsskeiðarkenningar .....	16
2.3 Menntavegurinn .....	17
<b>3 Hugtök og skilgreiningar.....</b>	<b>19</b>
3.1 Félagslegir erfiðleikar.....	19
3.2 Félagsleg útilokun .....	19
3.3 Félagsauður.....	20
3.4 Félagslegt tengslanet .....	20
<b>4 Lög og reglugerð er varðar fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar .....</b>	<b>23</b>
4.1 Lög og reglur um fjárhagsaðstoð .....	23
4.2 Fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks.....	24
4.3 Félagsráðgjafar Reykjavíkurborgar .....	25
4.3.1 Heildarsýn .....	26
4.3.2 Styrkleikakenning.....	27
<b>5 Staða ungs fólks á Íslandi sem þiggur fjárhagsaðstoð .....</b>	<b>29</b>
5.1 Staða ungs fólks í Reykjavík sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks.....	29
<b>6 Aðferð og framkvæmd rannsóknar .....</b>	<b>33</b>
6.1 Meginmarkmið og rannsóknarspurning .....	33
6.2 Rannsóknaraðferð.....	33
6.3 Þátttakendur .....	34
6.4 Mælitæki .....	34
6.5 Greining gagna .....	35
6.6 Siðferðisleg álitamál.....	36

<b>7 Niðurstöður rannsóknar .....</b>	<b>37</b>
7.1 Bakgrunnur .....	37
7.2 Verklag .....	39
7.3 Viðhorf .....	49
<b>8 Umræða og lokaorð .....</b>	<b>57</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>63</b>
<b>Viðaukar.....</b>	<b>69</b>
Viðauki 1: Leyfisbréf fyrir rannsókn frá Reykjavíkurborg .....	69
Viðauki 2: Kynningarbréf til þátttöku .....	70
Viðauki 3: Spurningalisti.....	71

## Töfluskra

Tafla 1. Vinnustaður þátttakenda.....	37
Tafla 2. Menntun þátttakenda.....	38
Tafla 3. Starfsaldur þátttakenda .....	38
Tafla 4. Aldur þátttakenda .....	39
Tafla 5. Kyn þátttakenda.....	39
Tafla 6. Hvað af þessum þáttum vegur þyngst þegar kemur að því að meta umsókn notenda um námsaðstoð?.....	40
Tafla 7. Eru mælitæki notuð við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar?.....	40
Tafla 8. Ef já, hvaða mælitæki er notað við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar?.....	41
Tafla 9. Er gert samkomulag um félagslega ráðgjöf við notendur við upphaf námsaðstoðarinnar?.....	41
Tafla 10. Ef já, hvers konar samkomulag er gert við notendur? .....	42
Tafla 11. Eru gerðar kröfur um regluleg viðtöl við notendur á skólaönn? .....	43
Tafla 12. Ef já, hversu mörg viðtöl eru veitt notendum á skólaönn? .....	43
Tafla 13. Hver er lágmarkskrafa einingarfjöldi notenda á skólaönn?.....	44
Tafla 14. Þurfa notendur frekari stuðning gegnum námstímabilið sitt? .....	45
Tafla 15. Hver er þín upplifun á fyrirkomulagi fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks?.....	49
Tafla 16. Telur þú að notendur skili almennt góðum námsárangri með námsaðstoðinni? .....	50
Tafla 17. Telur þú að námsaðstoðin sé gagnlegt úrræði fyrir notendur? .....	51
Tafla 18. Telur þú að það sé auðvelt fyrir notendur að nálgast upplýsingar um námsaðstoðina? .....	51
Tafla 19. Telur þú að námsaðstoðin sé að mæta þeim markhópi sem þarf á námsaðstoðinni að halda? .....	52
Tafla 20. Telur þú þörf á úrbótum á námsaðstoðinni?.....	52

## Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017.....	29
Mynd 2. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir kyni .....	30
Mynd 3. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir aldri.....	30
Mynd 4. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir búsetu.....	31
Mynd 5. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir fjölskyldugerð .....	31
Mynd 6. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir þjónustumiðstöð .....	32



## 1 Inngangur

Eitt það helsta sem einkennir ungt fólk er vilji þeirra til að geta staðið á eigin fótum, bæði fjárhagslega og tilfinningalega, innan samfélagsins (Zorotovich, 2014). Það hefur ríka þörf fyrir að geta menntað sig, stundað atvinnu sem og að hefja eigin búsetu. Hins vegar getur það ferli verið flókið og jafnvel tekið mörg ár (Petrogiannis, 2011). Staða þekkingar sem snýr að ungu fólki bendir til þess að lífsskeiðið sem þau eru stödd á, sem er 18–30 ára, einkennist af gríðarlega miklum umbreytingum er þau ganga í gegnum breytingaskeiðið yfir á fullorðinsár (*e. transitions into adulthood*). Slíkri umbreytingu fylgir mikil ábyrgð og miklar kröfur sem samfélagið getur gert til þeirra (Arnett, 2014) og þá sérstaklega þegar litið er til hópa ungs fólks í vestrænum ríkjum þar sem örar samfélagsbreytingar hafa átt sér stað á húsnæðismarkaði, vinnumarkaði sem og í skólakerfinu (Kosidou, HellnerGumpert, Fredlund, Dalman, Hallqvist, Isacson og Magnusson, 2012). Þetta leiðir til þess að einstaklingar eru töluvert lengur að stíga sín fyrstu skref á fullorðinsárin (Arnett, 2014). Vestræn ríki sem og önnur samfélög skortir formfasta greiningu á því hverjir falla undir skilgreininguna *ungt fólk* þar sem slíkt getur farið eftir menningarheimum fólks eða hvort skilgreiningin er hluti af réttindum eða lögum sem snýr að þessum hópi. Hins vegar skiptir það gríðarlega miklu máli að vita hvar línurnar liggja á milli þess að vera ungur einstaklingur eða fullorðinn þegar kemur að stefnumótun og löggjöf í kringum félagslega aðstoð, menntun, húsnæði og atvinnumarkaðinn (Perovic, 2015; United Nations, 2018) og er það á ábyrgð samfélagsins að breytingaskeið ungs fólks gangi á sem árangursríkastan hátt til þess að einstaklingar geti haldið áfram yfir á næsta aldurs- og lífsskeið (Petrogiannis, 2011).

### 1.1 Meginmarkmið rannsóknar

Meginmarkmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á stöðu ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára sem nutu fjárhagsaðstoðar vegna náms frá Reykjavíkurborg á árunum 2012 til 2017. Í þessari ritgerð verður greint frá því hvaða kröfur notendur þurfa að uppfylla til þess að eiga rétt á námsaðstoðinni. Þá verður einnig lögð áhersla á innsýn félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar á verklag, viðhorf, ákvarðanatöku og inntöku notendahópsins sem sækir um fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks. Þessi ritgerð byggist á eigin rannsókn og er tilgangur hennar tvíþættur, annars vegar verður unnið með fyrirliggjandi gögn um ungt fólk og námsaðstoð og hins vegar verður lagður fyrir spurningalisti um viðhorf og verklag félagsráðgjafa og ráðgjafa hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Rannsóknarspurningarnar eru þrjár:

- Hver er staða ungs fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks?
- Hvaða kröfur þurfa þessir námsmenn að uppfylla til þess að hafa rétt á fjárhagsaðstoð vegna náms?
- Hvert er verklag og viðhorf félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar til námsaðstoðar og notenda hennar?

Til þess að fá heildarmynd á viðfangsefnisins verður ritgerðin byggð á fyrirliggjandi gögnum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar um stöðu ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks. Þá verða reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg skoðaðar, efnið sett í kenningarlegt samhengi og niðurstöður bornar saman við rannsóknir á sviðinu bæði úr ritrýndum fræðigreinum sem og rannsóknum, fræðibókum og lögum, ásamt íslenskum og erlendum skýrslum sem fjalla um þennan málaflokk.

## **1.2 Leyfisbréf fyrir rannsókn**

Velferðarsvið veitti rannsakanda leyfi fyrir notkun á gögnum sviðsins til þess að skoða stöðu ungs fólks í Reykjavík. Leyfið er bundið við að greina tölfræðilegar upplýsingar varðandi notendahóp fjárhagsaðstoðar með námsstyrk á tímabilinu 2012 til 2017 út frá aldri, kyni, fjölskyldugerð, búsetu og þjónustumiðstöð. Einnig að kanna hvaða kröfur notendur þurfa að uppfylla til þess að eiga rétt á námsaðstoðinni. Þá er lagður spurningalisti fyrir félagsráðgjafa og ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Leyfisbréf fyrir rannsóknina er að finna í viðauka 1.

## **1.3 Uppbygging ritgerðar**

Þessi ritgerð skiptist í átta meginkafla. Í öðrum kafla verður greint frá skilgreiningum á ungu fólki og lífsskeiðarkenningum sem hafa verið settar fram til þess að skilja betur stöðu þekkingar á aðstæðum og sjónarhorni ungs fólks í samfélaginu okkar. Í þriðja kafla verða lykilhugtök og skilgreiningar tekin fyrir til þess að öðlast skilning á félagsstöðu ungs fólks innan samfélagsins. Í fjórða kafla verður farið yfir lög og reglugerðir er varðar fjárhagsaðstoð, eins verður farið yfir hlutverk félagsráðgjafa og ráðgjafa sem starfa náið með notendahóp fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks innan Reykjavíkurborgar. Í fimmta kafla verður greint frá stöðu ungs fólks sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks í Reykjavík á árunum 2012 til 2017. Í sjötta kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við gerð rannsóknarinnar. Í sjöunda kafla verður greint frá

niðurstöðum spurningalistakönnunar sem var lögð fyrir félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Í áttunda kafla er umræða og lokaorð en þar verður gerð samantekt á helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Þá verður efnið dregið saman og rannsóknarspurningum svarað í samræmi við stöðu þekkingar.





## 2 Ungt fólk

Í þessum kafla verður greint frá skilgreiningum á ungu fólk og lífsskeiðarkenningum sem settar hafa verið fram til þess að skilja betur stöðu þekkingar á aðstæðum og sjónarhorni ungs fólks í samfélaginu okkar. Í lok kaflans verða menntavenjur ungs fólks teknar fyrir.

### 2.1 Ungt fólk

Til eru margar skilgreiningar á hugtakinu ungt fólk (*e. youth/ young adults*). Í mörgum vestrænum ríkjum er mikill skortur á formfastri og viðurkenndri greiningu á því hverjir falla undir skilgreininguna ungt fólk en oft fer það eftir því hvort skilgreiningin er hluti af lögum, réttindum, tölfræðigögnum eða í hvers kyns málum sem snýr að þessum hópi. Það getur skipt miklu máli hvar línurnar liggja milli ungs fólks og fullorðinna þegar kemur að löggjöf og stefnumótun í kringum félagslega aðstoð, húsnæði, menntun, vinnumarkaðinn og margt fleira. Að teknu tilliti til þess að engin alþjóðleg skilgreining er á hugtakinu er vert að taka það fram að fjölmörg vestræn ríki byggja löggjöf og stefnumótun sína á samblöndun af efnahagslegum, félagslegum, lagalegum, sagnfræðilegum og landfræðilegum þáttum sem snúa að ungu fólk (Perovic, 2015; United Nations, 2018).

Í alþjóðlegum veruleika eru skilgreiningarnar á *ungu fólk* margar hverjar svipaðar. The Office for National Statistics, Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (*e. World Health Organization*) hafa allar skilgreint ungt fólk sem einstaklinga á aldrinum 15 til 24 ára (Office for National Statistics, 2019; United Nations, 2018; World Health Organization, 2019). Í erlendum rannsóknum og fræðum sem snúa að ungu fólk eru til margvíslegar skilgreiningar á því hvað telst til aldurshóp ungs fólks en meirihluti fræðimanna er sammála því að ungt fólk sé á aldrinum 18 til 30 ára (Arnett, 2014).

Í íslenskum veruleika er *ungt fólk* oftast skilgreint sem ungmenni en slík skilgreining er yfirleitt hluti af lögum og réttindum er varðar þann hóp. Íslenska orðabókin skilgreinir hugtakið ungmenni sem ungan mann á aldrinum 16 til 25 ára (Íslenska orðabók, e.d.). Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 innihalda kafla um málefni barna og ungmenna en þar er ekki skilgreining á aldri ungmenna. Tilgangur laganna er þó að gæta hagsmuna og velferðar þeirra (lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Æskulýðslögin taka mið að börnum og ungmennum á aldrinum 6 til 25 ára (æskulýðslög nr. 70/2007). Hjá Hagstofu Íslands er hægt að sjá hagnýtar upplýsingar í formi tölulegra gagna um íslenskt samfélag (Hagstofa Íslands, e.d.-d) en þar eru tölulegar upplýsingar eftir aldurshópum þar sem einn miðar við

einstaklinga á aldrinum 18 til 24 ára (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Þá taka reglur um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar mið að einstaklingum sem og ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára (Reykjavíkurborg, e.d.-b). Í þessari ritgerð verður notast við þá skilgreiningu á ungu fólki að það sé á aldrinum 18 til 24 ára. Mikilvægt er að skoða ungt fólk gegnum lífsskeiðarkenningar til þess að öðlast skilning á aðstæðum þeirra innan samfélagsins.

## 2.2 Lífsskeiðarkenningar

Ungt fólk eru einstaklingar sem lifa á tímabili breytinga er það er að ganga í gegnum breytingaskeið yfir á fullorðinsárin (*e. transition into adulthood*), með öllum þeim krefjandi væntingum sem fylgir því að öðlast sjálfstætt líf og ný hlutverk sem samfélagið ætlast til af þeim breytingaskeiði á við um ungt fólk sem er á aldrinum 18 til 30 ára. Þetta millistig einkennist af félagslegum, lagalegum og líffræðilegum breytingum. Margt bendir til þess að lífsskeið ungs fólks sé litað af miklum breytingum og nýjum áskorunum þegar það færir sig nær því að taka á sig sjálfstæði og ábyrgð fullorðins einstaklings. Breytingar sem ungt fólk gengur í gegnum eru mjög persónubundnar og eru því ólíkar frá einum einstaklingi til annars, sem í sumum tilfellum tekur lengri tíma. Hér er ekki einungis átt við líffræðilegar eða félagslegar breytingar heldur geta sumir einfaldlega tekið lengri tíma í að fóta sig í tilverunni sem sjálfstæðir einstaklingar (Arnett, 2014).

Ungt fólk sem er stött á breytingaskeiðinu yfir í fullorðinsárin eru einstaklingar að mótast og því eru þetta sérstaklega mikilvæg ár fyrir þróun persónuleika og sjálfsmyndar þeirra, sem og viðhorfa og gilda (Arnett, 2014; Berk, 2014). Þá hefur einmanaleiki ungs fólks á þessu breytingaskeiði mælst einna mest á þessu lífsskeiði í samanburði við önnur lífsskeið (Berk, 2014). Þessi mótunarár hafa þó lengst töluvert hjá ungu fólki, sérstaklega þegar litið er til vestrænna ríkja þar sem örar samfélagslegar breytingar hafa átt sér stað á seinustu áratugum, eins og á húsnæðismarkaði, vinnumarkaði og í skólakerfinu (Kosidou o.fl., 2012). Ungt fólk sem býr í vestrænum ríkjum hefur töluvert meiri sveigjanleika til þess að skoða umheiminn og ávinna sér sjálfstæði áður en það þarf að taka á sig mikla ábyrgð fullorðinsáranna. Þetta leiðir til þess að einstaklingar eru töluvert lengur að stíga sín fyrstu skref inn í fullorðinsárin. Það felst í því að sumt ungt fólk sé seinna til þess að giftast, stofna til fjölskyldu og búsetu (Arnett, 2014). Hluta skýringarinnar má þó ef til vill rekja til notkunar getnaðarvarna og aukins jafnréttis kynjanna í samfélaginu, eins og á sviði menntunar og verkefnaskiptingar heimilisins (Day og Evans, 2014; Kosidou o.fl., 2012).

Ungt fólk á þessu lífsskeiði er að kynnst öllum sínum möguleikum sem standa þeim til boða, til að mynda hvað varðar nám, atvinnu eða ástarsambönd. Ungt fólk vill jafnframt öðlast sjálfstæði til þess að geta staðið á eigin fótum bæði fjárhagslega sem og tilfinningalega innan samfélagsins (Zorotovich, 2014). Þá hefur ungt fólk ríka þörf til að geta menntað sig, hefja eigin búsetu, stunda atvinnu og stofnað eigin fjölskyldu. Það getur hins vegar verið flókið ferli og tekið mörg ár (Petrogiannis, 2011).

Samfélagslegar kröfur um breytingar á aldurs- og lífsskeiði ungs fólks eru mótaðar frá hinu ríkjandi félagslega viðhorfi sem samfélagið hefur á hverju tímabili. Jafnframt er túlkun á aldurs- og lífsskeiði ungs fólks margvísleg eftir menningarheimum sem rekja má til fjölskyldu- og skólakerfisins ásamt öðrum þáttum. Þá er það á ábyrgð samfélagsins að breytingaskeið ungs fólks gangi á sem árangursríkastan og skilvirkastan hátt til þess að einstaklingar geti farið yfir á næsta aldurs- og lífsskeið (Petrogiannis, 2011).

### **2.3 Menntavegurinn**

Skólar eru menntastofnanir sem gegna mikilvægu hlutverki innan samfélagsins þar sem börn, ungmenni og ungt fólk verja talsverðum tíma æsku sinnar innan menntastofnana (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Rannsóknir benda til þess að skólar séu afar mikilvægur vettvangur í lífi barna, ungmenna og ungs fólks, þar sem það ver mestum tíma á mótandi aldurs- og lífsskeiði sínu. Með því að verja tíma innan menntastofnana geta einstaklingar tileinkað sér nýja þekkingu, orðið fyrir miklum áhrifum frá kennurum og myndað tengsl við samnemendur sína (Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Jón Sigfússon, 2011). Sérstaklega er það mikilvægt fyrir ungt fólk sem ver tíma sínum í framhaldsskólum þar sem hlutverk menntastofnana er að stuðla að þroska og sjálfsmynd þeirra. Jafnframt stuðla menntastofnanir að því að undirbúa einstaklinga fyrir virka þátttöku á atvinnumarkaðinum og áframhaldandi nám innan samfélagsins. Þannig geta menntastofnanir spilað stórt hlutverk á mótandi aldurs- og lífsskeiði og framtíð ungs fólks. Þrátt fyrir mikilvægi menntunar er ákveðinn hópur ungra einstaklinga sem stendur höllum fæti innan skólasamfélagsins og getur lent í brottfalli eða að þeir ljúki ekki við framhaldsskólagöngu sína (Hrefna Pálsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Ingibjörg Eva Þórisdóttir, 2014).

Niðurstöður fyrri rannsókna benda til þess að námserfiðleikar nemenda geti verið helsti áhættuþáttur að baki brottfalli nemenda úr námi, þá eru nýlegri rannsóknir sem leiða í ljós að

nemendur telji sjálfir að námserfiðleikar hafi haft áhrif á námsárangur þeirra innan skólans (Sigrún Harðardóttir og Guðrún Kristinsdóttir, 2016). Þá hafa rannsóknir leitt í ljós að ungt fólk sem hefur ekki lokið við framhaldsskólanám sitt sé líklegra til að verða fyrir alvarlegum félags- og efnahagslegum afleiðingum eða verða fyrir félagslegum vanda. Þá er meirihluti einstaklinga í áhættu að búa við langvarandi atvinnuleysi innan samfélagsins (Lamb og Markussen, 2011; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Afleiðingar atvinnuleysis ungs fólks hafa gríðarlega mikil áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra en þeir eru í áhættu á að finna fyrir mikilli óhamingju, kvíða og álagi. Þá hafa rannsóknir leitt í ljós að ungir atvinnulausir einstaklingar geta átt á hættu að festast í langtímaatvinnuleysi sem getur leitt til einangrunar og fátæktar (Persona, 2004).

Í íslenskum veruleika hefur brautskráðum framhaldsskólanemendum fækkað milli ára en árið 2017 brautskráðust 5.098 nemendur, sem er rúmlega 11,2% fækkun frá því árið 2016. Konur voru þá í meirihluta sem útskrifuðust árið 2017, eða rúmlega 51,2% (Hagstofa Íslands, e.d.-c). Menntamálastofnun hefur í samráði við Mennta- og menningarmálaráðherra unnið á síðustu árum að aðgerðum gegn brottfalli nemenda í íslensku samfélagi. Nýlegar niðurstöður þeirra leiddu í ljós að 752 nemendur hættu í framhaldsskólanámi áður en þeir náðu að þreyta lokapróf um haustið árið 2017 og þá var meirihluti nemenda, 403 eða rúmlega 54%, eldri en 18 ára, sem er svipað hlutfall og árið áður. Niðurstöður rannsóknar greindu frá meginástæðum brotthvarfs einstaklinga sem voru eldri en 18 ára en meirihluti nemenda, eða 102 einstaklingum, var vísað úr framhaldsskóla vegna slakrar skólasóknar. Næststærsti nemendahópurinn, eða 95 einstaklingar, hættu vegna persónulegra ástæða en þær voru andleg eða líkamleg veikindi eða neysla áfengis eða fíkniefna. Þá voru 39 manns sem vildu fara út á atvinnumarkaðinn og átta manns sem hættu vegna fjárhagerfiðleika eða fátæktar (Menntamálastofnun, 2018). Það er því mikilvægt að bregðast fljótt við brottfalli nemenda og jafnvel aðlaga skólakerfið að þörfum einstaklinga til þess að tryggja að ungt fólk ljúki námi. Þá hafa ofangreindar rannsóknir bent sterklega til þess að mikill auður felist í menntun sem gefur skýrar vísbendingar um að töluvert forvarnargildi fylgi því að ganga menntavegin.

### 3 Hugtök og skilgreiningar

Í þessum kafla verða lykilhugtök og skilgreiningar tekin fyrir til þess að öðlast skilning á félagsstöðu ungs fólks innan samfélagsins.

#### 3.1 Félagslegir erfiðleikar

Til eru margar skilgreiningar á hugtakinu *félagslegir erfiðleikar*, enda geta þeir verið margvíslegir. Samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar eru þrír meginþættir sem liggja að baki félagslegum erfiðleikum, en þeir eru persónulegir erfiðleikar, fjölskyldu- og heimilisaðstæður einstaklinga í uppveksti ásamt núverandi aðstæðum þeirra. Persónulegir erfiðleikar eru á borð við einelti innan skólans, námserfiðleika, vímuefnaneyslu eða áföll sem hafa hrjáð einstaklinga, svo sem veikindi foreldra, ofbeldi eða ástvinamissi í uppveksti. Fjölskyldu- og heimilisaðstæður fela í sér tíða búsetuflutninga einstaklinga, áfengis- og vímuefnaneysla foreldra eða skort á efnahagi og stuðningi frá foreldrum í uppveksti. Núverandi aðstæður líta til baklands einstaklinga, félags- og fjárhagslegs stuðnings og hverjar húsnæðis- og atvinnuaðstæður þeirra eru, ásamt því að skoða hvers vegna viðkomandi hætti í framhaldsskóla eða hélt ekki áfram námi eftir grunnskóla. Aðrir þættir sem flokkast undir félagslega erfiðleika geta verið börn sem hafa þurft að bera mikla ábyrgð vegna fötlunar eða veikinda foreldra sinna (Reykjavíkurborg, 2017).

Skilyrði umsækjanda til fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks í Reykjavík er að hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða og þurfa þeir að lágmarki að uppfylla eitt af tiltækum megin skilyrðum hér að ofan. Ávallt skal skoða félagslegar aðstæður einstaklinga og fjölskyldna í heild sinni og hafa í huga hvernig núverandi félagslegar aðstæður þeirra eru (Reykjavíkurborg, e.d.-b). Frekari upplýsingar um skilyrði umsækjanda fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks í Reykjavík er að finna í fjórða kafla.

#### 3.2 Félagsleg útilokun

Félagsleg útilokun (*e. social exclusion*) á sér stað þegar vissir hópar eða einstaklingar geta ekki tekið fullan þátt í samfélaginu vegna sviptingar á félagslegri, efnahagslegri eða pólitískri þátttöku þeirra innan samfélagsins (Keeler, 2013). Félagsleg útilokun getur stafað af samsetningu vandkvæða á borð við atvinnuleysi, lágar tekjur, lakar húsnæðisaðstæður, slæma heilsu eða vegna veiks baklands einstaklinga innan samfélagsins (UNESCO, 2017). Á þetta við um hópa eða einstaklinga sem eru utanvelta við félagslegar bjargir sem og gildi og viðmið

samfélagsins (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015). Þetta geta verið hópar fátækra, atvinnulausra, einstæðra foreldra, tekjulágra, ómenntaðra sem og þeirra sem upplifa ójafnrétti og ójöfnuð á grundvelli kyns, kynþáttar, kynhneigðar, þjóðernis og félags- eða fjárhagsstöðu einstaklinga (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; UNESCO, 2017). Þeir hópar sem búa við bág kjör eru taldir vera í viðkvæmri stöðu innan samfélagsins og í aukinni áhættu fyrir félagslega útilokun (Velferðarráðuneytið, 2015).

### 3.3 Félagsauður

Félagsauður (*e. social capital*) felur í sér margvíslegar túlkanir eftir því hvernig fræðimennirnir Pierre Bourdieu, James Coleman og Robert D. Putnam skilgreina hugtakið. Þó áherslur fræðimanna séu misjafnar vísar hugmyndafræðin til sameiginlegra gilda, tengsla og nauðsynlegra auðlinda á milli einstaklinga og mikilvægi félagslegra samskipta fólks innan samfélagsins (Field, 2017).

Fræðimaðurinn Bourdieu byggir félagsauð á þeim björgum sem einstaklingar og fjölskyldur geta byggt upp, viðhaldið og notað til þess að bæta eigin stöðu og hagsmuni og tengslin sín á milli (Bourdieu, 1986). Samkvæmt Coleman felst félagsauður í tengslum fólks og leggur hann þar með ríka áherslu á gæði tengsla sem eru á milli einstaklinga, sem og félagsleg sambönd þeirra, en minni áherslu á ný tengsl milli ólíkra einstaklinga eða hópa (Coleman, 1988, 1994). Hins vegar leggur fræðimaðurinn Putnam áherslu á byggingu nýrra tengsla sem myndast á milli einstaklinga og lítur hann á félagslegan auð sem sameiginlega og nauðsynlega auðlind sem einstaklingar geta notið (Putnam, 2000).

Félagsauður myndast innan félagslegra tengslaneta sem einkennast af sameiginlegum viðmiðum, virðingu og gildum. Félagsleg tengslanet fela í sér skuldbindingu og gagnkvæmi á alla þá einstaklinga sem tilheyra tengslanetinu (Field, 2017). Félagsauður einstaklinga ræðst þar með af þeim tengslum sem þeir mynda með fólki og öðrum hópum sem þeir tilheyra (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015). Með því að tilheyra tengslaneti getur það haft mikil áhrif á andlega líðan einstaklinga og veitt aðgengi að stuðningi, gæðum og ýmsum björgum (Rice og Rannveig Traustadóttir, 2011).

### 3.4 Félagslegt tengslanet

Hugtakið félagslegt tengslanet (*e. social network*) hefur verið skilgreint sem vefur félagslegra sambandstengsla sem umlykur einstaklinga í gegnum lífið. Félagslega tengslanetið táknar

uppbyggingu og tækifæri einstaklinga til þess að vera í reglulegum félagslegum samskiptum og í stöðugu félagslegu hlutverki innan samfélagsins (Zhu, Woo, Porter og Brzezinski, 2013). Rannsóknir benda til þess að félagsstaða einstaklinga endurspeglar í því hvernig þeir sjá sjálfan sig út frá öðrum í samfélaginu. Þeir einstaklingar sem upplifa sjálfan sig í góðri félagslegri stöðu innan samfélagsins eru líklegri til þess að vera með góða geðheilsu og finna fyrir vellíðan (Cundiff, Smith, Uchino, og Berg, 2013). Aðrar rannsóknir sýna fram á að félagsleg samskipti einstaklinga séu gagnlegt fyrir geðheilsu og eykur vellíðan (Rubin, Evans og Wilkinson, 2016).

Ein mikilvægasta auðlind fólks er að tilheyra góðu og varanlegu félagslegu tengslaneti, ekki síst þegar kemur að ýmsum björgum. Hins vegar geta tengslanet einstaklinga verið misjöfn út frá stærð, samsetningu og gæðum (Amati, Rivellini og Zaccarin, 2014). Með því að tilheyra góðu félagslegu tengslaneti geta einstaklingar fullnægt félagslegum þörfum sínum, sem eykur aðgengi að björgum á borð við stuðning eða aðstoð í ólíkum aðstæðum. Þannig getur gott tengslanet bætt upp skort einstaklinga á ýmsum sviðum, eins og félagslegan- eða fjárhagslegan skort (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015). Með því að vera í sterkum félagslegum tengslum og uppfylla félagsleg hlutverk innan samfélagsins öðlast einstaklingar betri sjálfsmynd, upplifir aukinn fyrirsjáanleika og stöðugleika, öryggi og sjálfsvirðingu. Út frá því finna þeir sér fótfestu í lífinu og upplifa sig þannig að þeir tilheyri innan samfélagsins (Zhu o.fl., 2013).





## **4 Lög og reglugerð er varðar fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar**

Í þessum kafla verður farið yfir lög og reglugerðir er varðar fjárhagsaðstoð. Eins verður farið yfir hlutverk félagsráðgjafa og ráðgjafa sem starfa náið með notendahópum fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks innan Reykjavíkurborgar.

### **4.1 Lög og reglur um fjárhagsaðstoð**

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 kveða á um að sveitarfélög beri ákveðna skyldu gagnvart þeim íbúum sem búa í sveitarfélaginu. Samkvæmt 1. gr. laganna ber sveitarfélögum að tryggja bæði fjárhags- og félagslegt öryggi allra sinna íbúa, sem getur stuðlað að velferð þeirra á grundvelli samhjálp. Þar kemur fram að bæta skuli lífskjör íbúa sem eru á jaðrinum, tryggja uppeldisskyldu barna og ungs fólks í þroskandi umhverfi ásamt því að grípa inn í og veita aðstoð við félagsleg vandamál af ýmsum toga. Í 2. gr. laganna er kveðið á um að félagsþjónusta eigi að veita þjónustu, ráðgjöf og aðstoð til íbúa þess á borð við heimaþjónustu, félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðismál, þjónustu við aldraða, unglinga og fatlað fólk. Í ofangreindum lögum er lagt mikið upp úr hjálp til sjálfshjálpar einstaklinga en í 2. mgr. 1. gr. laga er kveðið á um að framkvæmd félagsþjónustunnar eigi að virða sjálfsákvörðunarrétt íbúa, hvetja til ábyrgðar á sér og sínum, sem og að styrkja sjálfsbjargargetu einstaklinga (lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991).

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eru rammalög og í samræmi við 21. gr. laga er það í höndum sveitarfélaga að setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Reglur um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar styðja við kafla IV. og VI. í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (Reykjavíkurborg, e.d.-b).

Kafli IV. í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga fjallar um ákvæði um rétt íbúa til félagsþjónustu innan sveitarfélaga. Í 12. gr. laganna er kveðið á um að það sé á ábyrgð sveitarfélaga að tryggja íbúum þess aðstoð og þjónustu til þess að geta séð fyrir sér og sínum. Þá segir í 2. mgr. 12. gr. laganna að þjónustan skuli vera til þess að bæta úr vandkvæðum íbúa sem nú þegar eru til staðar, sem og til að fyrirbyggja að einstaklingar komist í þá stöðu að geta ekki leyst úr sínum málum sjálfir. 13. gr. laganna kveður á um að íbúar eigi rétt á þjónustu frá félagsþjónustunni í því sveitarfélagi sem þeir taka sér lögheimili (lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991).

Kafli VI. í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga fjallar um fjárhagsaðstoð. Í 19. gr. laganna er kveðið á um skyldu hvers manns til að framfæra sjálfum sér, maka og börnum sínum yngri

en 18 ára. Í 2. mgr. 19. gr. laganna er kveðið á um að sambúðarfólk sem hefur verið með skráða sambúð í Þjóðskrá í eitt ár eiga sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón (lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Sambærileg ákvæði er að finna í 1. gr. reglna um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar (Reykjavíkurborg, e.d.-b).

#### **4.2 Fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks**

Reglur um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar eru í samræmi við lög um félagsþjónustu nr. 40/1991 sem voru samþykktar í borgarráði þann 25. nóvember 2010 með síðari breytingum (Reykjavíkurborgar, e.d.-c). Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum ber skylda til að veita íbúum sínum og fjölskyldum þeirra fjárhagsaðstoð til framfærslu sem ekki geta séð fyrir sér og sínum án aðstoðar, samanber IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 (Reykjavíkurborg, e.d.-b).

Í 4. gr. I. kafla reglna fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar segir að skilyrði fyrir inntöku til fjárhagsaðstoðar sé veitt á grundvelli þeirra umsækjenda sem hafa lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi. Skulu aðstoðin og þjónustan metin í viðeigandi lögheimilissveitarfélagi. Þeir íbúar sem eru utan lögheimilis í Reykjavík samkvæmt skráningu Þjóðskrár skulu leita til þeirrar þjónustumiðstöðvar þar sem seinasta lögheimilisskráning var. Hins vegar ef lögheimili íbúa var síðast í öðru sveitarfélagi en dvalarstaður þeirra er í Reykjavík skal leita í þá þjónustumiðstöð sem dvalarstaður þeirra tilheyrir (Reykjavíkurborg, 2017).

15. gr. III. kafla um rétt námsmanna kveður á um að einstaklingar sem stunda lánshæft nám njóti ekki réttar til fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks. Hins vegar eiga aðrir námsmenn rétt á fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks þegar ákvæði 18. gr. reglna eru uppfyllt. Samkvæmt 18. gr. IV. kafla reglna eru námsstyrkir veittir til ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára, þó í sérstökum tilvikum. Námsstyrkurinn skiptist í fjóra liði sem ná til ungs fólk á aldrinum 18 til 24 ára. Í fyrsta lagi nær hann til unga einstaklinga sem hafa ekki lokið við grunn- eða framhaldsskóla og eiga í áhættu að flosna úr námi vegna aðstæðna sinna. Í öðru lagi nær hann til einstæðra foreldra sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskóla og eru með lægri atvinnutekjur en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar. Í þriðja lagi til ungs fólks sem á eftir tvær óloknað framhaldsskólaannir og í fjórða lagi til ungs fólks sem hefur þegið fjárhagsaðstoð í meira en sex mánuði eða hefur verið atvinnulaust án bótaréttar og hefur ekki lokið grunnnámi sem veitir rétt á námsláni (Reykjavíkurborg, e.d.-b).

Til þess að eiga rétt á fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks verða umsækjendur að uppfylla ákveðin skilyrði. Eins og fram kom í þriðja kafla eru skilyrði umsækjanda til fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks í Reykjavík að hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða, eins og persónulega erfiðleika, eftir því hvernig fjölskyldu- og heimilisaðstæður einstaklinga voru í uppvexti ásamt núverandi aðstæðum þeirra. Hafa skal gátlista með ofangreindum meginþáttum til hliðsjónar þegar umsókn umsækjanda er metin. Ákvörðun er síðan tekin og metin á fagfundi og æskilegt er að aðstæður umsækjanda verði kannaðar innan þriggja mánaða. Eigi umsækjandi rétt til fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks samþykkir félagsráðgjafi eða ráðgjafi námsaðstoðina og er umsækjandi þá boðaður í viðtal eins fljótt og mögulegt er eða innan þriggja mánaða frá dagsetningu umsóknar. Ef hins vegar er um umsækjanda yngri er 20 ára að ræða getur félagsráðgjafi eða ráðgjafi ráðlagt honum að sækja um framlag til menntunar og starfsþjálfunar til sýslumanns sem getur úrskurðað meðlagsskyldu foreldra á grundvelli 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 (barnalög nr. 76/2003; Reykjavíkurborg, 2017).

### **4.3 Félagsráðgjafar Reykjavíkurborgar**

Meðal verkefna þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar er að veita félagslega ráðgjöf. Samkvæmt 16. gr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skulu félagsmálanefndir bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Meginmarkmið félagslegrar ráðgjafar er að veita upplýsingar, leiðbeina íbúum varðandi félagsleg réttindamál og veita þeim stuðning vegna persónu- og félagslegra vandkvæða. Í 17. gr. laganna tekur félagsleg ráðgjöf mið af ráðgjöf á sviði húsnæðismála, fjármála auk uppeldismála. Ráðgjöfinni skal ávallt beitt í samhengi við aðra þjónustu eða aðstoð, samanber 1. gr. I. kafla reglna um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar (lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991; Reykjavíkurborg, e.d.-b).

Félagsráðgjafar sem starfa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar veita margvíslega ráðgjöf, þjónustu eða stuðning til allra þeirra íbúa sem þurfa á henni að halda (Reykjavíkurborg, e.d.-a). Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. I. kafla reglna um fjárhagsaðstoð skulu ráðgjafar gæta leiðbeiningar- og rannsóknarskyldu sinnar, aðstoða umsækjanda fjárhagsaðstoðar og brýna fyrir honum um rétt sinn (Embætti landlæknis, 2014; Reykjavíkurborg, 2017). Félagsráðgjafar leggja áherslu á einstaklingsmiðaða þjónustu og reyna eftir fremsta megni að styðja fólk til sjálfshjálpar svo að hver og einn geti notið sín, bæði nú og til framtíðar (Reykjavíkurborg, e.d.-a). Á undanföllum árum hefur Reykjavíkurborg lagt mikla áherslu á að ungt fólk á aldrinum 18 til 24 ára fái viðtal hjá félagsráðgjafa og ráðgjafa í

þjónustumiðstöð borgarinnar eins fljótt og mögulegt er, en árið 2012 var verklagsreglum breytt og skal fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar ekki vera greidd nema að undangengnu viðtali hjá ráðgjafa (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012; Reykjavíkurborg, 2017).

Félagsráðgjafar og ráðgjafar sem starfa náið með notendum fjárhagsaðstoðar gera með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem lögð er áhersla á einstaklingsáætlun með markmiðum viðkomandi á borð við skil námsframvindu, einkunnir sem og skólasókn. Þó eru ákveðin skilyrði sem notendur þurfa að uppfylla í lok skólaannar fyrir greiðslu námsaðstoðar. Skilyrði til greiðslu fjárhagsaðstoðar ungs fólk eru að vera í fullu framhaldsskólanámi og að námið sé aðalstarf þeirra. Fullt nám er metið sem 30 framhaldsskólaeiningar á skólaönn en þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði vegna sérstaka aðstæðna, eins og ef nemendur glíma við námserfiðleika. Félagsráðgjafar og ráðgjafar skulu meta það í hverju atviki hvað telst sem eðlileg námsframvinda miðað við aðstæður nemenda. Hins vegar er gerð krafa um skil á yfirliti skólasóknar nemandans mánaðarlega og að einkunnir séu sýndar í lok annar, en miðað er við 90% skólasókn nemandans (Reykjavíkurborg, 2017).

Félagsráðgjafar sem starfa náið með einstaklingum og fjölskyldum geta notað ýmiss konar vinnuaðferðir í starfi. Hlutverk félagsráðgjafa er til að mynda að hafa yfirsýn yfir eiginleika einstaklinga, mæta þeim þar sem þeir eru staddir og vinna út frá stöðu þeirra. Þannig geta félagsráðgjafar verið helstu sérfræðingar í málefnum ungs fólks og vita hvaða úrræði henta hverjum og einum (Mcclennen, Keys og Day, 2017). Félagsráðgjafar geta notað ýmsar kenningar eða nálganir í starfi sínu með ungu fólki, til dæmis með beitingu heildarsýnar eða styrkleikakenningunnar.

#### **4.3.1 Heildarsýn**

Félagsráðgjafar stunda störf sín ávallt með heildarsýn að leiðarljósi (Embætti landlæknis, 2014). Hugmyndafræðin á bakvið heildarsýn er að hver einstaklingur sé margvíslegur og sé byggður upp af kerfum. Þau kerfi eru samsett af félagslegum, andlegum, tilfinningalegum, fjárhagslegum og líkamlegum þáttum sem mynda einstaklinginn sem eina heild. Samspil kerfanna er margvíslegt en það getur leitt til margföldunar áhrifa á önnur kerfi einstaklingsins. Félagsráðgjafar í vinnu með ungu fólki geta þar með greint samspil þessara kerfa með því að skoða aðstæður þess út frá öllum hliðum lífsins, til dæmis í gegnum fjölskylduna, vinina eða skólafélaga í samhengi við nærumhverfi og samfélags- og umhverfisþætti til þess að stuðla að

bættari líðan og styrkja sjálfsbjargargetu þess (Lára Björnsdóttir, 2006; Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

#### **4.3.2 Styrkleikakenning**

Styrkleikakenning (*e. strength theory*) leggur áherslu á að hámarka styrkleika, getu og hæfileika sem búa innra með einstaklingum, fjölskyldum og hópum innan samfélagsins. Styrkleikakenning er markmiðamiðuð (*e. goal oriented*) sem leggur áherslu á að gera einstaklingum og fjölskyldum kleift að horfa fram hjá áskorunum, erfiðleikum og vandkvæðum þeirra í núverandi lífi til þess að veita þeim von um að aðstæður geti batnað í framtíðinni (Pattoni, 2012). Niðurstöður rannsókna hafa bent til þess að styrkleikakenningar reynist árangursríkar meðal barna, ungs fólks og fjölskyldna. Þessar rannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl á milli persónulegra styrkleika ungs fólks og sjálfsákvörðunarréttar, lífsánægju og velgengni á menntaveginum (Arnold, Walsh, Oldham og Rapp, 2007; Lounsbury, Fisher, Levy og Welsh, 2009; Park og Peterson, 2006). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að með beitingu styrkleikakenningar með ungu fólki hafi það sýnt meiri sjálfsöryggi, verið bjartsýnt til framtíðarinnar og gat betur öðlast trú á eigin getu til þess að gera breytingar í lífi sínu. Félagsráðgjafar sem beita styrkleikakenningu í starfi með ungu fólki geta stuðlað að hvatningu einstaklinga til þess að finna og nýta eigin bjargir og styrkleika. Þannig geta félagsráðgjafar betur aðstoðað ungt fólk að ná settum markmiðum og hámarka getu þess í núverandi lífi og til framtíðar (Pattoni, 2012).




## 5 Staða ungs fólks á Íslandi sem þiggur fjárhagsaðstoð

Í þessum kafla verður grein gerð fyrir stöðu ungs fólks í Reykjavík sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna náms á árunum 2012–2017 út frá kyni, aldri, búsetu, fjölskyldugerð og þjónustumiðstöð. Kaflinn byggir á fyrirliggjandi gögnum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.<sup>1</sup>

### 5.1 Staða ungs fólks í Reykjavík sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks

Þegar mannfjöldi þann 1. janúar 2019 er skoðaður hjá Hagstofu Íslands kemur í ljós að ungt fólk á aldrinum 18 til 24 ára er 34.967 talsins eða rúmlega 10% af öllum Íslendingum (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Þegar staða ungs fólks sem þegið hefur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks er skoðuð kemur í ljós að 1.435 ungir einstaklingar á aldrinum 18 til 24 ára þáðu námsaðstoðina á árunum 2012–2017. Á mynd 1 má sjá fjölda ungs fólks sem þáði fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017.




**Mynd 1. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017**

Athygli vekur að ungu fólki sem þáði námsstyrk fer fækkandi með hverju ári. Þá má á mynd 1 sjá að árið 2012 voru 346 sem þáðu námsstyrkinn í samanburði við 105 árið 2017, sem gerir um 70% fækkun á síðustu fimm árum.


<sup>1</sup> Þessi kafla, *Staða ungs fólks á Íslandi sem þiggur fjárhagsaðstoð*, byggir á fyrirliggjandi gögnum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Fyrirliggjandi gögn eru ekki opinber hjá Reykjavíkurborg.





**Mynd 2. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir kyni**


Á mynd 2 má sjá kynjahlutfall ungs fólks á árunum 2012–2017. Þar má sjá að töluvert fleiri konur þáðu námsstyrkinn heldur en karlar á milli áranna. Af þeim sem þáðu námsstyrkinn voru 59% konur, í samanburði við 41% karla á síðustu fimm árum. Athygli vekur að árið 2015 var fremur jafnt hlutfall kvenna og karla sem nutu námsaðstoðar en sjá má að konur eru nánast alltaf fleiri en karlar á milli áranna.



**Mynd 3. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir aldri**


Á mynd 3 má sjá aldursskiptingu ungs fólks sem þáði námsstyrkinn. Stærsti hópurinn er á aldrinum 20 til 24 ára, eða um 75% til samanburðar við 25% á aldrinum 18 til 19 ára sem þáðu námsstyrkinn á síðustu fimm árum. Eins og kom fram í fjórða kafla getur ungt fólk á aldrinum 18 til 20 ára fengið úrskurð frá sýslumanni um meðlagsskyldu foreldra til framlags vegna

menntunar eða starfsþjálfunar, samanber 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 (barnalög nr. 76/2003; Reykjavíkurborg, 2017).




**Mynd 4. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir búsetu**

Á mynd 4 má sjá búsetu ungs fólks sem þáði fjárhagsaðstoð á árunum 2012–2017. Þar kemur í ljós að stærsti hópur fólksins, eða 36%, bjó heima hjá foreldrum sínum til samanburðar við næststærsta hópinn þar sem um 25% bjuggu í íbúð á almennum leigjumarkaði. Athygli vekur á að átta ungir einstaklingar, eða 1%, eru húsnæðislausir og aðeins fjórir, eða 0,3%, eiga eigið húsnæði.



**Mynd 5. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir fjölskyldugerð**

Á mynd 5 má sjá fjölskyldugerð þessa fólks. Þar sést að stærsti hópur námsmanna voru einhleypir karlar, eða um 41% í samanburði við einhleypar konur sem voru 38%. Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við einstæðra foreldra má sjá að 19% eru einstæðar mæður en aðeins 0,1% einstæðir feður. Það gerir hóp kvenna, eða rúmlega 57%, að stærsta notendahóp sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á síðustu fimm árum.



**Mynd 6. Fjöldi notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 eftir þjónustumiðstöð**

Á mynd 6 má sjá heildarfjölda ungs fólks sem naut fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks í sinni þjónustumiðstöð á árunum 2012–2017. Þar má sjá að stærsti hópur námsmanna sótti þjónustu í þjónustumiðstöð Breiðholts, eða um 26,4% til samanburðar við aðra hópa en næststærsti hópurinn, um 19%, sótti þjónustu í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleiti.

Athyglisvert er að skoða þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, en árið 2016 flutti starfsemi Vesturgarðs, þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar og sameinaðist þjónustumiðstöðvunum Miðborg og Hlíðum. Þar með er heildarfjöldi ungs fólks sem hefur sótt þjónustu í þeim þjónustumiðstöðvum um 23% (Reykjavíkurborg, 2016).

## 6 Aðferð og framkvæmd rannsóknar

Í þessum kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við gerð rannsóknarinnar. Fjallað verður um meginmarkmið og þátttakendur kynntir ásamt því sem farið verður yfir framkvæmd rannsóknarinnar sem aflað var með gerð spurningalistakönnunar. Í lok kaflans verða siðferðisleg álitamál reifuð.

### 6.1 Meginmarkmið og rannsóknarspurning

Helsta markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks í Reykjavík. Með rannsókninni er leitast við að greina frá því hvaða kröfur notendur þurfa að uppfylla til þess að eiga rétt á námsaðstoðinni. Þá er lögð áhersla á innsýn félagsráðgjafa og ráðgjafa Reykjavíkurborgar á viðhorf og verklag sem og ákvarðanatöku og inntöku notendahópsins sem sækir um fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks.

Til þess að öðlast heildarmynd notendahópsins voru þrjár rannsóknarspurningar settar fram:

- Hver er staða ungs fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks?
- Hvaða kröfur þurfa þessir námsmenn að uppfylla til þess að hafa rétt á fjárhagsaðstoð vegna náms?
- Hvert er verklag og viðhorf félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar til námsaðstoðar og notenda hennar?

### 6.2 Rannsóknaraðferð

Til þess að öðlast heildarmynd á stöðu ungs fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks voru meginlegar rannsóknaraðferðir notaðar við gerð ritgerðarinnar, en sú aðferð hentar vel til þess að gefa slíkt heildaryfirlit (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Tilgangur rannsóknarinnar var tvíþættur, annars vegar var unnið úr fyrirliggjandi gögnum frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar um notendahóp námsaðstoðar á árunum 2012–2017 út frá aldri, kyni, fjölskyldugerð, búsetu og þjónustumiðstöð. Hins vegar var lögð fyrir spurningalistakönnun sem sneri að viðhorfum og verklagi félagsráðgjafa og ráðgjafa sem starfa náíð með notendahópi námsaðstoðarinnar. Meginlegar rannsóknaraðferðir henta vel til þess að afla hagnýtra upplýsinga og upplýsinga um viðhorf hjá stórum hópi sem verið er að rannsaka (Neuman, 2014; Padgett, 2017). Í spurningalistakönnuninni var notast við meginlega

þýðisrannsókn, en þær henta einstaklega vel til þess að ná til sem flestra innan þýðisins. Það var gert með því að leggja fyrir spurningalista til allra félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar (Neuman, 2014).

### 6.3 Þátttakendur

Í seinni hluta rannsóknarinnar var notast við þýði (*e. population*) en hugtakinu má lýsa sem heildarmengi og hefur verið skilgreint sem allir þeir þættir, hvort sem það eru safn atburða, einstaklinga eða hluta, sem uppfylla skilyrði til þátttöku rannsóknarinnar (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Þýðið samanstóð af félagsráðgjöfum og ráðgjöfum sem starfa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og vinna náið með notendum fjárhagsaðstoðar vegna námsaðstoðar og voru þeir 92 talsins.

### 6.4 Mælitæki

Mælitæki rannsóknarinnar var ítarlegur spurningalisti. Spurningalistakönnun hentar mjög vel í þessari rannsókn þar sem hagnýtum upplýsingum um þekkingu, viðhorf og verklag hjá stórum hópi var safnað saman við framkvæmd rannsóknarinnar (Neuman, 2014; Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2013).

Þessi rannsókn var unnin í samráði við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Rannsakandinn setti saman kynningarbréf og spurningalista í samráði við Elísabetu Karlsdóttur, aðjúnkt og leiðbeinandi rannsakanda og Erlu Björgu Sigurðardóttur, deildarstjóra gæða og rannsókna á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Rannsakanda þótti mikilvægt að þátttakendur rannsóknar fengju kynningarbréf með spurningarkönnuninni. Með því að senda kynningarbréf er hægt að kynna könnunina fyrir væntanlegum þátttakendum og greina frá mikilvægi rannsóknar sem getur leitt til nýjunga á sviði þekkingar og frekari rannsókna á viðfangsefninu (Grétar Þór Eyþórsson, 2013). Kynningarbréf á þátttöku má finna í viðauka 2.

Spurningakönnunin var skipt í þrjá hluta en þeir voru bakgrunnur þátttakenda, verklag og viðhorf. Spurningarnar voru mótaðar til þess að fanga verklag, ákvarðanatöku, inntöku auk viðhorfa þátttakenda til notendahópsins sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks. Spurningalistinn samanstóð af 24 spurningum, fimm bakgrunnsspurningum, níu verklagsspurningum og tíu viðhorfsspurningum. Jafnframt voru fjórar opnar spurningar sem sneru að stuðningi notenda fjárhagsaðstoðar, úrbótum fjárhagsaðstoðar, ástæðum þess að

einstaklingur á námsaðstoð hefur fækkað á seinustu árum og hvort þátttakendur vildu koma einhverjum upplýsingum á framfæri. Opnar spurningar geta gefa þátttakendum tækifæri til þess að segja sínar skoðanir á ákveðnum málefnum. Auk þess gefur það rannsakendum dýpri svörun um þau málefni sem eru mikilvæg í augum þátttakenda (Grétar Þór Eyþórsson, 2013). Spurningalista má finna í viðauka 3.

Spurningalistakönnunin var í formi vefkönnunar þar sem vefslóð að *Google Drive* spurningalista var send út með tölvupósti ásamt kynningarbréfi til allra félagsráðgjafa og ráðgjafa sem starfa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Þátttakendum rannsóknar var hvorki skylt að svara könnuninni í heild sinni né einstaka spurningum. Með spurningalistakönnuninni var nafnleynd heitið og fyllsta trúnaðar gætt, svo útilokað væri að tengja saman svörun við þátttakendur rannsóknarinnar (Neuman, 2014; Padgett, 2017; Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

Spurningalistakönnunin var send út með tölvupósti þann 18. mars 2019 til allra félagsráðgjafa og ráðgjafar sem starfa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Hún var opin í rúmar þrjár vikur eða til 8. apríl. Tvívegis var send út áminning til þátttakenda til þess að stuðla að betri svörun í rannsókninni, þann 25. mars og 1. apríl.

## 6.5 Greining gagna

Undirbúningur ritgerðarinnar hófst í janúar og lauk í maí 2019. Í upphafi eða þann 13. febrúar 2019 fékk rannsakandi í hendur fyrirliggjandi rannsóknargögn um notendahóp fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Við úrvinnslu fyrirliggjandi rannsóknargagna var *Excel* tölfræðiforritið notað. Niðurstöður fyrirliggjandi rannsóknargagna voru síðan settar fram á myndrænan hátt til þess að auðvelda túlkun og úrlestur gagnanna. Niðurstöður fyrirliggjandi rannsóknargagna um stöðu notendahóp fjárhagsaðstoðar vegna námsaðstoðar er að finna í fimmta kafla.

Að spurningalistakönnuninni lokinni voru niðurstöður yfirfærðar frá *Google Drive* í tölvuforritið *Excel* til frekari úrvinnslu. Samtals fengust 40 gild svör frá þátttakendum en könnunin var send til 92 einstaklinga sem samsvarar 43,3% svörun. Þó er vert að minnast á að fjögur netföng voru óvirk og 16 þátttakendur voru fjarverandi eða í leyfi á meðan rannsókninni stóð, sem hefur áhrif á niðurstöður hennar. Hins vegar er um þýðisrannsókn að ræða og eru niðurstöður því marktækar.

Við úrvinnslu á svörum þátttakenda voru niðurstöður flokkaðar í þrjá hluta, líkt og uppbygging spurningalistakönnunar, en þeir hlutar eru *bakgrunnur*, *verklag* og *viðhorf*. Niðurstöður voru þar með settar fram á lýsandi hátt með töflum fyrir hverja spurningu fyrir sig til þess að auðvelda lestur og skilning niðurstaðna. Hins vegar voru niðurstöður opnu spurningarinnar unnar líkt og í eigindlegum rannsóknum þar sem svör þátttakenda voru flokkuð og greind í ákveðin þemu. Niðurstöður spurningarlistakönnunarinnar er að finna í sjöunda kafla.

## 6.6 Siðferðisleg álitamál

Áður en ritgerðarvinna hófst sótti rannsakandi um leyfi fyrir umbeðinni rannsókn. Leyfið var veitt af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar með þeim fyrirvara að farið væri eftir lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 ásamt reglum og leiðbeiningum Persónuverndar um rannsóknir.

Rannsakandi hafði samband við Persónuvernd til þess að ganga úr skugga um að rannsóknin gæti ekki að nokkru leyti persónugreint eða auðkennt einstaklinga, með tilvísun í kennitölu, nafn eða staðsetningu þátttakenda, hvort sem það væri í gegnum fyrirbyggjandi tölfræðigögn um notendahóp fjárhagsaðstoðar eða þátttakendur rannsóknarinnar sem voru félagsráðgjafar og ráðgjafar sem starfa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar (lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga 90/2018).

Persónuvernd upplýsti rannsakanda um að rannsóknin væri leyfileg ef ekki væri undir neinum kringumstæðum hægt að rekja niðurstöður rannsóknar beint eða óbeint til þátttakenda. Nauðsyn lá í því að fræða þyrfti þátttakendur um rannsóknarefni, úrvinnslu og notagildi rannsóknarinnar (lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga 90/2018). Rannsakandi gætti að öllu leyti að því að upplýsa þátttakendur um efni rannsóknarinnar í kynningarbréfi sem sent var út með spurningalistakönnuninni. Jafnframt gætti rannsakandi þess að engar persónuupplýsingar eða svörun þátttakenda væri hægt að rekja til viðkomandi.

## 7 Niðurstöður rannsóknar

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum spurningalistakönnunarinnar sem var lögð fyrir félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Af þeim 92 einstaklingum sem fengu spurningalistakönnunina senda voru alls 40 þátttakendur sem svöruðu, sem gerir rúmlega 43,4% svörun. Þátttakendum rannsóknar var hvorki skylt að svara könnuninni í heild sinni né einstaka spurninga og er því á sumum stöðum ójöfn svörun milli spurninga. Niðurstöður skiptast í þrjá hluta, bakgrunnsupplýsingar þátttakenda, verklag og viðhorf félagsráðgjafa og ráðgjafa við inntöku og ákvörðunartöku notenda sem þiggja fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks. Niðurstöður hér að neðan verða kynntar með fjölda svarenda ásamt hlutfalli í prósentum með einum aukastaf.

### 7.1 Bakgrunnur

Í þessum hluta er gerð samantekt á fimm spurningum sem sneru að bakgrunni þátttakenda. Í töflum 1 til 5 má sjá bakgrunnsupplýsingar þátttakenda út frá vinnustað, menntun, starfsaldri, aldri og kyni.

Tafla 1. Vinnustaður þátttakenda

	Fjöldi	Hlutfall
Þjónustumiðstöð Árbær og Grafarholt	5	12,5%
Þjónustumiðstöð Breiðholts	10	25,0%
Þjónustumiðstöð Grafarvogur og Kjalarnes	2	5,0%
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	3	7,5%
Þjónustumiðstöð Vesturbær, Miðborg og Hlíðar	6	15,0%
Ég vil ekki svara	14	35,0%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

40 þátttakendur, sem jafngildir 100% svörun, svöruðu spurningu 1 sem sneri að vinnustað þátttakenda innan Reykjavíkurborgar. Eins og sjá má á töflu 1 vekur það strax athygli að 14 manns eða rúmlega 35% þátttakenda vildu ekki svara því hver vinnustaður þeirra væri. Hins vegar sýna niðurstöður að flestir sem svöruðu spurningunni, tíu manns eða rúmlega 25% störfuðu á þjónustumiðstöð Breiðholts. Starfsfólk þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða var með næstmestu svörunina, en sex manns eða rúmlega 15% sögðust starfa í þeirri þjónustumiðstöð.



**Tafla 2. Menntun þátttakenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Félagsráðgjöf BA með starfsréttindum	11	27,5%
Félagsráðgjöf MA með starfsréttindum	20	50,0%
BA eða BS prófi í Háskóla	0	0,0%
MA, MS eða MBA prófi í Háskóla	6	15,0%
Diplómanám	2	5,0%
Viðbótardiplómanám	1	2,5%
Doktorsprófi í Háskóla	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	2	5,0%
<b>Samtals</b>	<b>42</b>	<b>105%</b>

Í spurningu 2 var spurt um menntun þátttakenda, en spurningin var opin og gátu einstaklingar svarað í tvennu lagi, annars vegar hvort þeir hafi lokið BA eða MA námi í félagsráðgjöf með starfsréttindum og hins vegar hvort þeir hafi lokið annarri menntun en því gátu þeir svarað í liðnum „Annað“. Eins og sjá má á töflu 2 fengust 42 svör frá svarendum um menntun. Samkvæmt niðurstöðum voru 31 manns eða rúmlega 77,5% með starfsréttindi í félagsráðgjöf. Hins vegar svöruðu einungis tveir í liðnum „Annað“ um þá menntun sem þeir höfðu lokið.

Einn svarandi sagðist hafa lokið nám í:

„...Áfengis- og Vímuefnamál...“

Þá sagðist annar svarandi hafa lokið menntun í:

„...Kennsluréttindi...“

**Tafla 3. Starfsaldur þátttakenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
1 ár eða minna	2	5,0%
2 – 5 ár	13	32,5%
6 – 10 ár	11	27,5%
11 – 20 ár	8	20,0%
20 ár eða lengur	3	7,5%
Ég vil ekki svara	3	7,5%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Á töflu 3 má sjá að 40 manns svöruðu spurningunni um starfsaldur. Á töflunni sést að flestir þátttakendur, 13 manns sem jafngildir rúmlega 32,5%, höfðu starfað í 2 til 5 ár innan þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Næstfjölmennasti hópurinn, 11 manns eða rúmlega 27,5%, hafði starfað í 6 til 10 ár á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

**Tafla 4. Aldur þátttakenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
20 – 30 ára	7	17,5%
31 – 40 ára	15	37,5%
41 – 50 ára	5	12,5%
51 – 60 ára	4	10,0%
61 – 70 ára	2	5,0%
Ég vil ekki svara	7	17,5%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Samtals svöruðu 40 manns spurningu 4 sem sneri að aldri þátttakenda. Eins og sjá má á töflu 4 voru flestir svarendur, 15 manns eða rúmlega 37,5%, á aldrinum 31 til 40 ára. Næstfjölmennasti aldurshópurinn voru sjö talsins, eða rúmlega 17,5% á aldrinum 20 til 30 ára. Þá voru þátttakendur í aldurshópnum 41 til 50 ára fimm talsins eða rúmlega 12,5%.

**Tafla 5. Kyn þátttakenda**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Karlkyn	0	0,0%
Kvenkyn	37	92,5%
Ég vil ekki svara	3	7,5
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

40 manns svöruðu spurningu fimm um kyn þátttakenda. Athygli vekur að meirihluti þeirra sem svöruðu voru kvenkyns líkt og sjá má á töflu 5. Þar má sjá að 37 kvenkynspátttakendur, eða rúmlega 92,5%, svöruðu spurningunni í samanburði við 0% karlkynspátttakendur, þó voru þrír þátttakendur, eða rúmlega 7,5%, sem vildu ekki gefa kyn sitt til kynna.

## 7.2 Verklag

Í þessum hluta er gerð samantekt á spurningum sem snúa að verklagi félagsráðgjafa og ráðgjafa sem starfa innan þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Í töflum 6 til 14 má sjá viðhorf félagsráðgjafa og ráðgjafa til verklags um fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks.

Í spurningu 6 var spurt hver af eftirtöldum þáttum þátttakendum fannst vega þyngst þegar kemur að því að meta umsókn notenda til námsaðstoðar. Svarendur voru 40 talsins sem jafngildir 100% svörun.

**Tafla 6. Hvað af þessum þáttum vegur þyngst þegar kemur að því að meta umsókn notenda um námsaðstoð?**

	Fjöldi	Hlutfall
Núverandi aðstæður notenda í dag	4	10,0%
Fjölskyldu- og heimilisaðstæður notenda í uppvexti	0	0,0%
Persónlegir erfiðleikar notenda í uppvexti	0	0,0%
Allir þessir þættir	36	90,0%
Ég veit ekki	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Á töflu 6 má sjá að meirihluti þátttakenda, 36 manns eða 90%, svöruðu liðnum „Allir þessir þættir“ sem jafngildir því að þeim finnst núverandi aðstæður, fjölskyldu- og heimilisaðstæður ásamt persónulegum erfiðleikum notenda vega þyngst þegar kemur að því að meta umsókn ungs fólks um fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks. Þó voru fjórir þátttakendur, eða rúmlega 10%, sem fannst núverandi aðstæður vega þyngst námsaðstoðar.

Í spurningu 7 var spurt hvort mælitæki væru notuð við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar. Svarendur voru 39 talsins.

**Tafla 7. Eru mælitæki notuð við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar?**

	Fjöldi	Hlutfall
Já	8	20,5%
Nei	28	71,8%
Ég veit ekki	1	2,6%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	2	5,2%
<b>Samtals</b>	<b>39</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 7 vekur það athygli að meirihluti þátttakenda, 28 manns eða rúmlega 71,8%, svaraði því að engin mælitæki væru notuð við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar. Hins vegar voru átta þátttakendur, eða 20,5%, sem svöruðu því að mælitæki væru notuð við ákvörðunartöku. Einn þátttakandi svaraði „Ég veit ekki“ og tveir svöruðu liðnum „Annað“. Svör þeirra eru sýnd hér að neðan.

Einn svarandi skrifaði:

„...Einstaklingar sem eiga við mikla félagslega erfiðleika að stríða...“

Þá skrifaði annar:

„...Ákvörðunartaka er byggð á reglum fjárhagsaðstoðar...“

Spurning 8 er framhaldsspurning út frá þeirri sjöundu en í henni var spurt hvaða mælitæki væru notuð við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar. Svarendur voru átta talsins.

**Tafla 8. Ef já, hvaða mælitæki er notað við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar?**

	Fjöldi	Hlutfall
ASEBA	0	0,0%
EMS	4	50,0%
Ég veit ekki	2	25,0%
Ég vil ekki svara	1	12,5%
Annað	1	12,5%
<b>Samtals</b>	<b>8</b>	<b>100%</b>

Á töflu 8 má sjá að fjórir þátttakendur, eða 50%, svöruðu því að mælitækið EMS væri notað við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar. Þá voru tveir sem svöruðu „Ég veit ekki“ og einn sem vildi ekki svara. Einn þátttakandi sem svaraði liðinn „Annað“. Svar þátttakandans kemur hér að neðan:

„...Ekkert mælitæki, niðurstaða fagfundar...“

Spurning níu sneri að því hvort samkomulag um félagslega ráðgjöf væri gert við notendur við upphaf námsaðstoðarinnar. Svarendur voru 39 talsins.

**Tafla 9. Er gert samkomulag um félagslega ráðgjöf við notendur við upphaf námsaðstoðarinnar?**

	Fjöldi	Hlutfall
Já	38	97,4%
Nei	1	2,6%
Ég veit ekki	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>39</b>	<b>100%</b>

Langflestir, 38 manns eða rúmlega 97,4%, svöruðu að það væri gert samkomulag um félagslega ráðgjöf við notendur í upphafi námsaðstoðarinnar, líkt og sjá má á töflu 9. Þó voru 2,6% eða einn þátttakandi sem svaraði þeirri spurningu neitandi.

Spurning 10 er framhaldsspurning út frá þeirri níundu en í henni var spurt hvers konar samkomulag væri gert við notendur við upphaf námsaðstoðarinnar. Svarendur voru 39 talsins.

**Tafla 10. Ef já, hvers konar samkomulag er gert við notendur?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Skilum varðandi einkunnir	0	0,0%
Skilum varðandi námsframvindu	0	0,0%
Skilum varðandi skólasókn	2	5,1%
Allir þessir þættir	34	87,2%
Ég veit ekki	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	3	7,8%
<b>Samtals</b>	<b>39</b>	<b>100%</b>

Á töflu 10 má sjá að langflestir þátttakendur, 34 manns eða rúmlega 87,2%, svöruðu liðnum „Allir þessir þættir“ sem jafngildir því að samkomulag sem gert er við notendur felir í sér skil á einkunnum, námsframvindu og skólasókn. Tveir þátttakendur eða rúmlega 5,1% svöruðu því að samkomulagið felist í skilum varðandi skólasókn notenda. Þrír svarendur eða 7,8% völdu liðinn „Annað“. Svör þeirra koma hér að neðan.

Einn svarandi skrifaði:

„...Að notandi sé í góðu sambandi við sinn félagsráðgjafa og hitti hann reglulega í viðtölum, helst 1x í mánuði...“

Annar svarandi skrifaði:

„...Skólasókn og námsframvinda...“

Þriðji svarandinn skrifaði:

„...Skil varðandi námsframvindu og skólasókn, ekki er gerð einkunnarkrafa...“

Spurning 11 sneri að því hvort kröfur séu gerðar um regluleg viðtöl við notendur á skólaönn. Svarendur voru 38 talsins.

**Tafla 11. Eru gerðar kröfur um regluleg viðtöl við notendur á skólaönn?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Já	37	97,4%
Nei	1	2,6%
Ég veit ekki	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>38</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 11 var meirihluti þátttakenda, 37 manns eða rúmlega 97,4% ,sem svaraði því að kröfur væru gerðar um regluleg viðtöl við notendur á skólaönn. Þó var einn þátttakandi sem svaraði þeirri spurningu neitandi.

Spurning 12 er framhaldsspurning út frá spurningu 11 en í henni var spurt hversu mörg viðtöl notendum væri veitt á skólaönn. Svarendur voru 40 sem jafngildir 100% svörum.

**Tafla 12. Ef já, hversu mörg viðtöl eru veitt notendum á skólaönn?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
1 sinni	0	0,0%
2 sinnum	0	0,0%
3 sinnum	4	10,0%
4 sinnum	8	20,0%
5 sinnum	4	10,0%
Oftar en 5 sinnum	0	0,0%
Eftir samkomulagi	24	60,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 12 er meirihluti þátttakenda, 24 manns eða 60%, sem veitir viðtöl eftir samkomulagi með notendum á skólaönn. Átta manns, eða rúmlega 20% svarenda, veita notendum fjögur viðtöl á hverri skólaönn. Þá voru fjórir, eða 10% svarenda, sem veita notendum fimm viðtöl yfir skólaönnina.

Í spurningu 13 var spurt um lágmarkskröfu einingar fjölda notenda á skólaönn. Svarendur voru 37 talsins.

Tafla 13. Hver er lágmarkskrafa einingarfjölda notenda á skólaönn?

	Fjöldi	Hlutfall
0 til 10 einingar	1	2,7%
10 til 20 einingar	4	10,8%
20 til 30 einingar	7	18,9%
30 til 40 einingar (fullt nám)	11	29,7%
Ég veit ekki	3	8,1%
Ég vil ekki svara	2	5,4%
Annað	9	24,4%
<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>100%</b>

Á töflu 13 má sjá að flestir þátttakendur, 11 manns eða 29,7%, töldu að lágmarkskrafa einingarfjölda notenda væri 30 til 40 einingar, sem jafngildir fullu námi á hverri skólaönn. 18,9% svarenda eða 7 þátttakendur vilja meina að lágmarkskrafa einingarfjölda sé 20 til 30 einingar á skólaönn. Frekari niðurstöður um lágmarkskröfu einingarfjölda notenda á skólaönn má sjá í töflu 13. Þó voru níu þátttakendur sem svöruðu liðnum „Annað“. Svör þeirra koma hér að neðan.

Einn svarandi skrifaði:

„...Allir þessir þættir...“

Þá skrifaði annar:

„...Miðað er við 4 áfanga á önn í hið minnsta...“

Þá var enn einn svarandi sem skrifaði:

„...Lágmarkskrafan er 30-40 einingar á önn...“

Þrjú þátttakendur voru sammála því að það væri ávallt metið í máli notenda. Einn skrifaði svarandi:

„...Metið hverju sinni...“

Þá skrifaði annar:

„...Metið í hverju máli...“

Þriðji þátttakandinn skrifaði:

„...Metið í hvert skipti hvað viðkomandi getur...“

Aðrir þrjú þátttakendur lýstu því að lágmarkskrafa einingarfjölda notenda á skólaönn færi eftir hæfni hvers og eins.

Einn svarandi sagði:

„...Fer eftir getu hvers og eins nemenda...“

Þá sagði annar svarandi:

„...Einstaklingsbundið, fer eftir stöðu nemenda...“

Þá var annar svarandi sem sagði:

„...Það fer algjörlega eftir aðstæðum hvers og eins...“

Í spurningu 14 var spurt hvort notendur þurfi frekari stuðning í gegnum námstímabil sitt. Svarendur voru 40 talsins sem jafngildir 100% svörun.

**Tafla 14. Þurfa notendur frekari stuðning gegnum námstímabilið sitt?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Já	23	57,5%
Nei	0	0,0%
Ég veit ekki	3	7,5%
Ég vil ekki svara	1	2,5%
Annað	13	32,5%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Sjá má á töflu 14 að meirihluti þátttakenda, 23 manns eða rúmlega 57,5%, taldi notendur þurfa frekari stuðning í gegnum námstímabil sitt. Hins vegar voru þrír þátttakendur sem vissu það ekki og einn sem vildi ekki svara þeirri spurningu. Þó voru alls 13 þátttakendur, eða rúmlega 32,5%, sem svöruðu liðnum „Annað“. Flestir svarendur voru með fremur líka svörun, en þau koma hér að neðan.

Einn svarandi sagði:

„...Það fer eftir stöðu hvers og eins námsmanns...“

Þá skrifaði annar:

„...Allur gangur á...“

Sá þriðji skrifaði:

„...Sumir...“

Fjórði svarandi skrifaði:

„...20 til 30 einingar...“



Tveimur svarendum finnst stuðningur vera mismunandi eftir notendum, en einn þeirra sagði:

„...Mismunandi í hverju máli...“

Þá sagði annar:

„...Mismunandi eftir fólki hvort það þurfi frekari stuðning eða ekki...“

Sá þriðji sagði:

„...Það er mjög misjafnt. Sumir þurfa lítið og aðrir þurfa mjög mikinn stuðning...“

Þá voru aðrir tveir þátttakendur sem sögðu að það væri metið í hverju tilviki hjá notendum, en einn sagði:

„...Það er metið í hverju tilviki fyrir sig...“

Þá segir annar:

„...Sumir þurfa meiri en einungis námsstyrk og er það skoðað í hverju tilviki fyrir sig...“

Fjórir þátttakendur voru sammála um að stuðningur við notendur væri einstaklingsbundinn.

Einn svarandi skrifaði:

„...Einstaklingsbundið...“

Annars svarandi skrifaði:

„...Það er afskaplega einstaklingsbundið...“

Þriðji svarandinn skrifaði:

„...Þetta er mjög einstaklingsbundið og fer algjörlega eftir hverjum og einum...“

Sá fjórði skrifaði:

„...Það er mjög einstaklingsbundið...“

Spurning 15 er framhaldsspurning út frá spurningu 14 og er sú síðasta í verklagshlutanum. Í henni var spurt hvernig stuðningur væri veittur notendum fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks. Spurningin var opin sem veitti þátttakendum tækifæri til þess að svara hvernig stuðningur væri veittur notendum námsaðstoðar. Alls voru 17 svarendur sem svöruðu þeirri spurningu. Svörin voru mörg svipuð og skiptast í þrjá eftirfarandi flokka: *Félagsleg ráðgjöf og námsráðgjöf*, *margvísleg ráðgjöf* og *stuðningur af ýmsum toga*. Svörin koma hér að neðan.

### Félagsleg ráðgjöf og námsráðgjöf

Meirihluti svarenda lýsti því að notendur fái stuðning í formi viðtala hjá félagsráðgjöfum og námsráðgjöfum og í sumum tilfellum hjá öðrum sérfræðingum. Svörin voru svipuð hver öðru og skiptast í tvo flokka. Svörin koma hér að neðan.

Fjórir svarendur voru sammála því að notendur fái stuðning í formi viðtala hjá félagsráðgjöfum og hjá öðrum sérfræðingum.

Einn skrifaði:

„...Félagsleg ráðgjöf...“

Þá skrifaði annar:

„...Í formi viðtala hjá félagsráðgjafa og/eða náms og starfsráðgjafa...“

Þriðji skrifaði

„...Félagsleg ráðgjöf og námsráðgjöf...“

Næsti skrifaði:

„...Það getur verið í formi viðtala hjá félagsráðgjafa einnig getur það verið sálfræðiviðtöl út í bæ...“

Þá voru þrír sammála því að stuðningur væri veittur með viðtölum hjá námsráðgjafa og öðrum sérfræðingum, en einn sagði:

„...T.d. í sumum tilfellum er samstarf við námsráðgjafa skóla mikilvægt...“

Þá sagði annar:

„...Viðtöl við námsráðgjafa og aðra sérfræðinga eftir þörfum...“

Síðasti viðmælandi skrifaði:

„...Námsráðgjöf og stuðningsviðtöl...“

### Margvísleg ráðgjöf

Þrír svarendur lýstu því hvernig notendum væri veitt margvísleg ráðgjöf í gegnum stuðningsviðtöl, sálfræðiviðtöl eða önnur viðtöl. Svör þeirra koma hér að neðan.

Einn svarandi lýsti því að:

„...Notendur námsaðstoðar eru margir og hafa því mismunandi þarfir. Eftir EMS kemur í ljós hvernig viðkomandi metur sig svo og félagsráðgjafinn hvernig hann metur nemann. Margir þurfa viðtöl hjá sálfræðingi, viðtal/viðtöl hjá Bjarkahlíð, Stígamótum, Drekaflóð.

Fíklar á fjárhagsaðstoð vegna náms, þurfa í langflestum tilfellum viðtöl hjá sálfræðingi og viðtöl vegna kynferðislegrar misnotkunar og annars sem þau hafa upplifað á neyslutímanum. Nenum er oft bent á að leita til An-Anon þar sem þeir eru oft aðstandendur fíkla, og bent á að leita sér aðstoðar vegna þessa svo og meðvirkni sem þau gera sér ekki grein fyrir að er þeim farartálmi á ferðalagi lífsins. Margir nemar, vilja ekkert nema viðtöl hjá félagsráðgjafa, finnst það gott sem fyrsta skref í að viðra erfiðleika sína við ókunnuga. Læra að treysta og fóta sig áfram í að tjá tilfinningar sínar...”

Þá segir annar svarandi:

„...Stuðningur er veittur með mánaðarlegum viðtölum og oftast ef þurfa þykir. Einnig er sótt um styrki til sálfræðiviðtala eða sendar tilvísanir til LSH ef þarf. Einnig eru greidd námskeið sem talin eru skipta notandann miklu máli í því að sinna sinni heilsu. Stuðningurinn fellst fyrst og fremst í stuðningsviðtölum á þjónustumiðstöð...”

Sá þriðji skrifar:

„...Margvísleg ráðgjöf...”

### Stuðningur af ýmsum toga

Flestir svarendur voru sammála um að notendur þurfi á mismunandi stuðningi að halda og að hann sé veittur með ýmsum toga, til dæmi með tíðari stuðningsviðtölum, húsnæðisstuðningi eða uppeldisráðgjöf. Svörin voru svipuð hvert öðru og skiptast í tvo flokka og birtast hér að neðan hér að neðan.

Fimm svarendur voru sammála því að stuðning væri veittur gegnum stuðningsviðtöl, sálfræðiviðtöl eða í gegnum húsnæðis- og uppeldisráðgjöf.

Einn svarandi skrifaði:

„...Stuðningurinn er algerlega einstaklingsbundinn. Sumir þurfa einungis regluleg stuðningsviðtöl á meðan aðrir þurfa stuðning við íbúðarleit, leikskólapláss, fjölskylduráðgjöf, uppeldisráðgjöf, námsráðgjöf o.fl....”

„...Félagsleg ráðgjöf, sálfræðiaðstoð, stuðningur í samskiptum við skóla, stuðningur er varðar húsnæðismál o.s.frv....”

Þá skrifaði annar:

„...Stuðningur er af ýmsum toga, t.d. styrkur vegna sálfræðiviðtala, húsnæðis eða annars sem upp kann að koma. Fer líka eftir hvort um einstakling eða fjölskyldu er að ræða...”

Annar svarandi skrifaði:

„...Húsnæðisstuðningur, aðstoð vegna barna, sálfræðiviðtöl, stuðningsviðtöl vegna námsaðstoðar...“

Sá fjórði skrifaði:

„...T.d. leita réttar síns í öðrum kerfum, leiðbeina fólki í Bjarkarhlíð ef um ofbeldi hefur verið að ræða, vísa í önnur úrræði, aðstoða fólk að sækja um félagslegt leiguhúsnæði eða sérstakan húsnæðisstuðning...“

Pá voru þrjú viðmælendur sammála því að stuðningur væri veittur af ýmsum toga.

Einn svarandi skrifaði:

„...Félagsleg ráðgjöf, styrkir fyrir t.d. sérfræðiaðstoð, tannlæknastyrkir o.fl....“

Þá skrifaði einn:

„...Tíðari stuðningsviðtöl, viðtöl með námsráðgjafa. Styðja viðkomandi við að komast í sálfræðiviðtöl eða aðra meðferð...“

Að lokum hafði síðasti þátttakandinn þetta að segja:

„...Regluleg viðtöl, samvinna við námsráðgjafa sé þess þörf, samvinna við lækna ef upp koma veikindi, aðstoð við að koma barn/börnum (ef nemandi á barn) í dagvistun og annað sem kann að koma upp á námstímanum...“

### 7.3 Viðhorf

Í þessum hluta verður gerð samantekt á spurningum sem snúa að viðhorfi félagsráðgjafa og ráðgjafa sem starfa innan þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Í töflum 15 til 20 má sjá viðhorf félagsráðgjafa og ráðgjafa til fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks.

Spurning 16 sneri að upplifun félagsráðgjafa og ráðgjafa á fyrirkomulagi fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks. Svarendur voru 40 talsins sem jafngildir 100% svörun.

**Tafla 15. Hver er þín upplifun á fyrirkomulagi fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks?**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög árangursrík	14	35,0%
Frekar árangursrík	23	57,5%
Hvorki árangursrík né óárangursrík	3	7,5%
Hún er ekki sérlega árangursrík	0	0,0%
Hún er alls ekki árangursrík	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 15 þótti langflestum, 35 manns eða 92,5%, fyrirkomulag námsaðstoðarinnar mjög eða frekar árangursríkt. Þó voru þrír þátttakendur, eða 7,5%, sem svöruðu því að fyrirkomulag námsaðstoðarinnar væri hvorki árangursríkt né óárangursríkt.

Í spurningu 17 var spurt hvort félagsráðgjafar og ráðgjafar telji að notendur skili almennt góðum námsárangri með námsaðstoðinni. Svarendur voru 40 talsins.

**Tafla 16. Telur þú að notendur skili almennt góðum námsárangri með námsaðstoðinni?**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	7	17,5%
Frekar sammála	27	67,5%
Hvorki sammála né ósammála	2	5,0%
Frekar ósammála	1	2,5%
Mjög ósammála	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	3	7,5%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Á töflu 16 má sjá að meirihluti svarenda, 34 manns eða 85% var mjög eða frekar sammála um að notendur skili almennt góðum námsárangri með námsaðstoðinni. Hins vegar voru tveir svarendur hvorki sammála né ósammála og einn þátttakandi frekar ósammála. Þrír svarendur völdu liðinn „Annað“. Svör þeirra kom hér að neðan.

Einn svarandi skrifaði:

„...Ólíkur hópur, erfitt að segja almennt. Stundum, stundum...“

Þá skrifar annar:

„...Það er allur gangur á því...“

Þriðji svarandi hafði þetta að segja:

„...Bætt félagsleg staða og virkniviðkomandi er besti...“

Í spurningu 18 var spurt hvort námsaðstoðin væri gagnlegt úrræði fyrir notendur. Svarendur voru 40 talsins.

**Tafla 17. Telur þú að námsaðstoðin sé gagnlegt úrræði fyrir notendur?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Mjög gagnlegt	23	57,5%
Frekar gagnlegt	16	40,0%
Hvorki gagnlegt né ógagnlegt	1	2,5%
Hún er ekki sérlega gagnleg	0	0,0%
Hún er alls ekki gagnleg	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Langflestum svarendum, 39 manns eða rúmlega 97,5%, fannst námsaðstoðin vera mjög eða frekar gagnlegt úrræði fyrir notendur fjárhagsaðstoðar, líkt og sjá má á töflu 17. Þó er einn svarandi, eða 2,5%, sem taldi námsaðstoðina vera hvorki gagnlega né ógagnlega.

Spurning 19 sneri að því hvort það sé auðvelt fyrir notendur að nálgast upplýsingar um námsaðstoðina. Svarendur voru 40 talsins.

**Tafla 18. Telur þú að það sé auðvelt fyrir notendur að nálgast upplýsingar um námsaðstoðina?**

	<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>
Mjög sammála	0	0,0%
Frekar sammála	8	20,0%
Hvorki sammála né ósammála	9	22,5%
Frekar ósammála	10	25,0%
Mjög ósammála	12	30,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	1	2,5%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 18 var meirihluti svarenda, 22 manns eða 55%, mjög eða frekar ósammála því að það sé auðvelt fyrir notendur að nálgast upplýsingar námsaðstoðarinnar. Hins vegar voru 17 manns, eða 42,5%, mjög eða frekar sammála því að það sé auðvelt að nálgast upplýsingar um námsaðstoðina. Þá var einn svarandi sem valdi liðinn „Annað“ og hafði þetta að segja:

„...Þetta úrræði er ekki fyrir alla, en yfirleitt er þeim sagt frá þessu...“

Í spurningu 20 var spurt hvort námsaðstoðin sé að mæta þeim markhópi sem þarf á henni að halda. Svarendur voru 40 talsins.

**Tafla 19. Telur þú að námsaðstoðin sé að mæta þeim markhópi sem þarf á námsaðstoðinni að halda?**

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	8	20,0%
Frekar sammála	23	57,5%
Hvorki sammála né ósammála	5	12,5%
Frekar ósammála	3	7,5%
Mjög ósammála	0	0,0%
Ég vil ekki svara	0	0,0%
Annað	1	2,5%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Langflestir svarendur, 31 manns eða 77,5%, voru mjög eða frekar sammála um að námsaðstoðin sé að mæta þeim markhópi sem þarf á henni að halda, líkt og sjá má á töflu 19. Hins vegar voru fimm manns, eða 12,5%, hvorki sammála né ósammála og einn svarandi frekar ósammála. Þá var einn sem valdi liðinn „Annað“ og lýsti þessu:

„...Frekar sammála, en stundum mætti aldurstakmarkið vera hærra...“

Í spurningu 21 var spurt hvort þörf sé á úrbótum á námsaðstoðinni og voru svarendur 40 talsins.

**Tafla 20. Telur þú þörf á úrbótum á námsaðstoðinni?**

	Fjöldi	Hlutfall
Já	19	47,5
Nei	9	22,5%
Ég veit ekki	10	25,0%
Ég vil ekki svara	1	2,5%
Annað	1	2,5%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má á töflu 20 voru langflestir svarendur, 19 manns eða 47,5%, sammála því að þörf sé á úrbótum á námsaðstoðinni. Hins vegar voru níu manns, eða 22,5%, sem telja að ekki sé þörf á úrbótum. Þá var einn svarandi sem merkti við liðinn „Annað“ og hafði þetta að segja um úrbætur námsaðstoðarinnar:

„...Það er alltaf hægt að bæta...“

Spurning 22 er framhaldsspurning út frá spurningu 21 og er næstsíðasta spurningin í viðhorfshlutanum. Í spurningunni var spurt hvers konar úrbótum mætti koma að í námsaðstoðinni. Spurningin var opin og gátu þátttakendur skráð athugasemdir sínar við

spurninguna. Alls voru 11 svarendur sem svöruðu. Svörum var skipt upp í fjóra eftirfarandi flokka: *Breyta reglugerð, eldri og breiðari notendahópur, eftirfylgni og sveigjanleiki og sýnilegri í samfélaginu*. Svör þátttakenda koma hér að neðan.

### Breyta reglugerð

Meirihluti svarenda, eða fimm manns, voru sammála um að breyta mætti reglugerð fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks. Einn svarandi skrifaði:

„...Það mætti breyta reglum um skerðingu kjósi nemendur að vinna örlítið með námi sínu. Eins mætti hækka fjárhæð námsaðstoðar...“

Þá sagði annar:

„...Breyta reglum svo fleiri geti nýtt sér námsaðstoðin...“

Annar svarandi sagði:

„...Það má alltaf gera betur, það mætti t.d. bæta inn t.d. fjármálaráðgjöf...“

Næsti sagði:

„...Opna fyrir fleiri námsleiðum eina og starfsnám...“

Þá hafði seinasti svarandi þetta að segja:

„...T.d. er varðar sumarvinnu, ekki hvetjandi að vinna mikið að sumri því tekjur dragast frá að hausti og því ekki mikil hvatning að vinna mikið...“

### Eldri og breiðari notendahópur

Tveir svarendur lýstu því að bjóða mætti breiðari notendahóp á námsstyrk.

Einn skrifaði:

„...Bjóða breiðari hópi upp á námsaðstoð. Margir eldri sem þyrftu að geta nýtt sér þetta...“

Þá skrifaði annar:

„...Mætti vera upp í 30 ára...“

### Eftirfylgni og sveigjanleiki

Þá voru tveir svarendur sammála um að bæta mætti eftirfylgni og sveigjanleika í málum námsaðstoðarinnar.

Einn svarandi sagði:



„...Gefa meiri tíma til að fylgja málum eftir og meiri sveigjanleiki...“

Þá sagði annar svarandi:

„...Þarf að sinna stuðningi og eftirfylgni miklu betur...“

### Sýnilegri í samfélaginu

Þá voru tveir svarendur sem þótti námsaðstoðin þurfa að vera sýnilegri í þjóðfélaginu. Einn þeirra skrifaði:

„...Námsaðstoðin verður að vera sjáanlegri í samfélaginu...“

Þá skrifaði annar:

„...Námsaðstoðin ætti að vera sýnilegri innan samfélagsins...“

Spurning 23 er síðasta spurningin í viðhorfshlutanum. Í henni var spurt um ástæður þess að fólki hefur fækkað á námsaðstoð á síðustu árum. Spurningin var opin og voru alls 14 sem svöruðu henni. Svörum var skipt upp í fimm eftirfarandi flokka: *Atvinnumöguleikar, einstaklingar sem vita ekki af námsaðstoðinni, fáir uppfylla skilyrði og vöntun á breiðari námsleiðum*. Svör þátttakenda koma hér að neðan.

### Atvinnumöguleikar

Meirihluti svarenda var sammála um að ungu fólki á námsaðstoð hafi fækkað vegna bættra atvinnumöguleika í samfélaginu.

Einn svarandi sagði:

„...Uppsveifla í samfélaginu...“

Annar sagði:

„...Með auknu góðæri virðist vera minni þörf á námsaðstoð. Megum gera ráð fyrir aukningu þegar hagvöxtur minnkar, atvinnuleysi eykst o.s.frv....“

Sá þriðji sagði:

„...Ungu fólki á fjárhagsaðstoð hefur líka fækkað, m.a. vegna betra atvinnuástands...“

Þá sagði annar svarandi:

„...Vinnumarkaðurinn hefur verið að veita fleiri störf og svo er leiguverð það hátt að margir treysta sér ekki til þess að vera í námi og velja það fram yfir að vinna...“

Þó var einn svarandi sem sagði:

„...Ég gæti trúað að það sé í hið minnsta tvíþætt. Bæði er vandi einstaklinga meiri og skólakerfið ekki í stakk búið að taka við þeim og svo hefur efnahagsástandið vafalaust eitthvað um þetta að segja, fólk á auðveldara með að fá vinnu í dag...“

Enn einn svarandi sagði:

„...Meiri möguleiki á vinnu með skóla...“

Annar sagði:

„...Betri atvinnumöguleikar...“

Þá sagði einn svarandi:

„...Aukin atvinnutækifæri...“

Síðasti svarandi sagði:

„...Aukið vinnuframboð...“

### Einstaklingar sem vita ekki af námsaðstoðinni

Tveir þátttakendur lýstu því að einstaklingar viti ekki almennt um möguleikann á námsaðstoðinni.

Einn svarandi skrifaði:

„...Einstaklingar á fjárhagsaðstoð vegna náms, koma oft frá efnalitlum heimilum, og heimilum sem einkennast af fátækt og félagslegum erfiðleikum. Eru þau upplýst um þessa aðstoð?, er hún almennt sýnileg í samfélaginu?. Oft hefur komið í ljós að einstaklingar hafa heyrt af aðstoðinni frá samnemendum sínum. Nú hefur neysla áfengis- og vímuefna aukist, er það ein ástæðan? Sjá ungmennin ekki fram á að geta farið í nám? Er dreifð þeirra að minnka og áhugahvöt?...“

Þá skrifaði annar:

„...Margir vita ekki um möguleikann, strangari inntaka í framhaldsskóla...“

### Fáir uppfylla skilyrði

Einum svaranda þótti reglur um fjárhagsaðstoð strangar og hafði þetta að segja:

„...Strangar reglur Reykjavíkurborgar svo fáir uppfylla skilyrði...“

### Vöntun á breiðari námsleiðir

Einum þátttakanda þótti vera vöntun á breiðari námsleiðum og sagði:

„...Það er ekki í boði fjölbreyttar námsleiðir...“

Að lokum var spurt hvort þátttakendur myndu vilja bæta við eða koma einhverju á framfæri. Hér fengu þátttakendur tækifæri til þess að koma mikilvægum eða nauðsynlegum upplýsingum á framfæri um fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks, sem gat styrkt niðurstöður rannsóknarinnar. Hins vegar fékkst einungis svar frá einum þátttakanda sem svaraði „Nei“.

## 8 Umræða og lokaorð

Í þessum kafla verður gerð samantekt á helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Þá verður efnið dregið saman og rannsóknarspurningum svarað í samræmi við stöðu þekkingar. Í lok kaflans verða svo lokaorð höfundar um mikilvægi þess að varpa ljósi á málaflokkinn.

Til þess að ná fram meginmarkmiðum rannsóknarinnar var leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

- Hver er staða ungs fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks?
- Hvaða kröfur þurfa þessir námsmenn að uppfylla til þess að hafa rétt á fjárhagsaðstoð vegna náms?
- Hvert er verklag og viðhorf félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar til námsaðstoðar og notenda hennar?

Þegar staða notenda sem þáðu fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks á árunum 2012–2017 er skoðuð kemur í ljós að dregið hefur verulega úr þeim notendum á síðustu árum. Fækkunin hefur verið mismikil eða allt frá 10–29% á milli ára en mesta fækkunin var á milli áranna 2016 og 2017. Þær niðurstöður eru í samræmi við nýjustu rannsókn Menntamálastofnunar þar sem ekki einungis hefur ungu fólki á námsaðstoð fækkað heldur hefur brautskráðum framhaldsskólanemendum einnig fækkað á milli ára. Árið 2017 voru 5.098 nemendur sem brauðskráðust, sem gerir rúmlega 11,2% fækkun frá því 2016 (Hagstofa Íslands, e.d.-c).

Þrátt fyrir þessa fækkun í notendahópi námsaðstoðarinnar er nauðsynlegt að rýna betur í þann hóp af ungu fólki. Mikill meirihluti notenda námsaðstoðarinnar voru konur, 845 eða rúmlega 59% í samanburði við 41% karla. Þegar fjölskyldugerð notenda var skoðuð kom í ljós að meirihluti notenda voru einhleypar konur og einstæðar mæður, eða rúmlega 57% í samanburði við 41% einhleypa karla og einstæða feður. Þá benda niðurstöður Menntamálastofnunar til þess að konur hafi verið í meirihluta þeirra sem útskrifuðust úr framhaldsskólanámi árið 2017 (Hagstofa Íslands, e.d.-c).

Meirihluti notenda sem þáðu námsaðstoðina var á aldrinum 20 til 24 ára, en ástæður þess geta verið þær að ungir einstaklingar á aldrinum 18 til 20 ára eiga möguleika á því að fá úrskurð frá sýslumanni um meðlagsskyldu foreldra sinna til framlags vegna menntunar (barnalög nr. 76/2003; Reykjavíkurborg, 2017). Þegar þjónustumiðstöð notenda er skoðuð kemur í ljós að meirihluti nemenda, eða 26,4% ungra einstaklinga, sækir þjónustu í Breiðholti, en skilyrði fyrir

viðeigandi aðstoð og inntöku fjárhagsaðstoðar er metin í lögheimilissveitarfélagi notenda námsaðstoðarinnar (Reykjavíkurborg, 2017). Þá er meirihluti notenda, eða um 36% ungra einstaklinga, sem býr hjá foreldrum sínum í samanburði við 0,3% einstaklinga sem eiga eigið húsnæði. Þær niðurstöður eru í samræmi við stöðu þekkingar en ungt fólk þráir að hefja eigin búsetu innan samfélagsins. Hins vegar getur það verið langt og flókið ferli vegna þeirra samfélagslegu breytinga sem hafa átt sér stað á húsnæðismarkaðnum, atvinnumarkaðinum sem og í skólakerfinu (Kosidou o.fl., 2012).

Ungt fólk sem sækir fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks þarf að uppfylla ákveðnar kröfur til þess að eiga rétt á námsaðstoðinni. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar þurfa notendur að hafa átt við mikla félagslega erfiðleika að stríða, en rúmlega 90% voru sammála því að núverandi aðstæður, fjölskyldu- og heimilisaðstæður ásamt persónulegum erfiðleikum notenda vegi þungt. Þær niðurstöður eru í samræmi við reglur fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar en umsækjendur námsaðstoðarinnar þurfa að uppfylla einn af ofangreindum erfiðleikum til þess að eiga rétt á námsaðstoðinni (Reykjavíkurborg, 2017).

Gerðar eru þær kröfur um að notendur námsaðstoðarinnar nýti sér félagslega ráðgjöf hjá félagsráðgjafa eða ráðgjafa við upphaf námsaðstoðarinnar og voru 97,4% viðmælenda sammála því. Þær niðurstöður eru í samræmi við reglur um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar, en árið 2012 voru þær endurskoðaðar og það skal samkvæmt þeim ekki vera greidd fjárhagsaðstoð nema að undangengnu viðtali hjá félagsráðgjafa eða ráðgjafa (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2012; Reykjavíkurborg, 2017). Þá eru gerðar kröfur um að notendur námsaðstoðarinnar fari í regluleg viðtöl til félagsráðgjafa eða ráðgjafa á skólaönn og eru 60% sammála því að slík viðtöl séu veitt eftir samkomulagi við nemendur.

Í upphafi námsaðstoðarinnar þurfa notendur í samráði við félagsráðgjafa eða ráðgjafa að komast að samkomulagi varðandi skil á skólagögnum, en 87,2% voru sammála um að nemendur þurfi að skila inn einkunnum, námsframvindu og skólasókn. Þó voru 7,8% sammála um að nemendur þurfi einungis að skila inn skólasókn og námsframvindu. Flestir, eða 29,7%, töldu að lágmarkskrafa einingarfjölda nemenda skuli vera 30 til 40 einingar á skólaönn, sem jafngildir fullu námi. Hins vegar voru 24,4% sammála því að einingarfjöldi ungs fólks skuli vera metinn í hverju máli fyrir sig, eftir aðstæðum og stöðu nemenda. Samkvæmt leiðbeiningum um reglur fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar þurfa notendur að uppfylla ákveðin skilyrði fyrir greiðslur námsaðstoðarinnar, en nemendur þurfa að skila af sér 30 fullum

framhaldsskólaeiningum á skólaönn. Þó mega félagsráðgjafar eða ráðgjafar meta það í hverju tilviki miðað við aðstæður nemenda. Ásamt því þurfa nemendur að skila inn yfirliti skólasóknar mánaðarlega sem miðar að 90% skólasókn og auk þess þurfa nemendur að sýna einkunnir sínar í lok annar til að njóta fjárhagsaðstoðar (Reykjavíkurborg, 2017).

Notendur fjárhagsaðstoðar þurfa sumir hverjir stuðning í gegnum námið en 57,5% viðmælendur voru sammála því að svo væri., Þá voru 32,5% sammála því að það væri einstaklingsbundið og mismunandi eftir hverju máli og er notendahópnum veittur frekari stuðningur gegnum námstímabilið ef á þarf að halda. Sumir nemendur fá frekari stuðning í formi viðtala hjá félagsráðgjafa, námsráðgjafa eða hjá öðrum sérfræðingum á meðan aðrir þurfa stuðning í gegnum stuðningsviðtöl eða félagslega ráðgjöf á sviði húsnæði- og uppeldismála. Aðrir nemendur þurfa svo á margvíslegum stuðningi að halda, til dæmis með því að fá tannlæknastyrk eða leikskólapláss.

Þegar verklag félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva er skoðað kemur í ljós að meirihluti, eða 71,8%, vildi meina að engin mælitæki séu notuð við ákvörðunartöku um notendur til námsaðstoðar. Þó voru 20,5% viðmælenda sammála því að mælitæki væru notuð og sögðust 10% nota EMS mælitækið við ákvörðunartökuna. Þá voru 5,2% sem nefndu aðeins að ákvörðunartaka væri byggð á reglum fjárhagsaðstoðar. Samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar á ákvörðunartaka notenda að vera metin og tekin fyrir á fagfundi þjónustumiðstöðva (Reykjavíkurborg, 2017).

Þegar viðhorf félagsráðgjafa og ráðgjafa þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar til námsaðstoðar eru skoðuð kemur í ljós að 92,5% upplifa fyrirkomulag fjárhagsaðstoðar vera árangursríkt. 85% voru sammála því að nemendur skili almennt góðum námsárangri með námsaðstoðinni. Þá töldu 97,5% námsaðstoðina vera gagnlegt úrræði fyrir notendur fjárhagsaðstoðar. 77,5% viðmælenda voru sammála því að námsaðstoðin mæti þeim markhópi sem þarf á henni að halda. Hins vegar voru 55% ósammála því að það sé auðvelt fyrir notendur sem og almenning að nálgast upplýsingar um námsaðstoðina og 47,5% viðmælenda voru sammála því að þörf sé á úrbótum fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks. Þá voru 25% sem vissu ekki hvort þörf væri á úrbótum. Meirihluti var sammála því að mikilvægasta úrbótin á námsaðstoðinni væri að breyta reglum fjárhagsaðstoðar til þess að eldri og breiðari hópur gæti nýtt sér hana. Þá mætti einnig opna fyrir fleiri námsleiðir og breyta reglugerð svo að fjárhagsaðstoðin skerði ekki á atvinnutekjur ungs fólks sem vill eiga

möguleikann á því að vera á atvinnumarkaðnum á sumrin eða samhliða náminu. Staða þekkingar bendir til þess að afleiðingar atvinnuleysis hjá ungu fólki hafi mikil áhrif á andlega og líkamlega heilsu þeirra og geti þau fundið fyrir kvíða, álagi eða óhamingju. Ungir atvinnulausir einstaklinga eru í meiri hættu á að festast í langtímaatvinnuleysi sem getur leitt til fátæktar og einangrunar (Persona, 2014).

Þegar viðhorf til ástæðna fækkunar á námsaðstoðinni á seinustu fimm árum eru skoðuð kemur í ljós að meirihluti var sammála því að með auknu góðæri hafi ungt fólk töluvert fleiri atvinnumöguleika innan samfélagsins og kjósi frekar að vinna en að stunda nám. Þær niðurstöður eru í samræmi við rannsókn Menntamálastofnunar en þær gáfu til kynna að ein af meginástæðum brotthvarfs einstaklinga árið 2017 hafi verið sú að einstaklingar vildu fara út á atvinnumarkaðinn (Menntamálastofnun, 2014). Þó voru aðrir sammála því að bæta mætti sveigjanleika, sinna stuðningi og fylgja málum einstaklinga betur eftir. Aðrir voru sammála því að námsaðstoðin mætti vera sýnilegri innan samfélagsins og enn aðrir voru sammála því að einstaklingar viti almennt ekki um námsaðstoðin. Aðrir voru sammála því að fáir uppfylli skilyrði námsaðstoðarinnar vegna strangra reglna fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar, en námsstyrkurinn nær til ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára sem hefur ekki lokið við grunn- eða framhaldsskóla, á eftir tvær óloknaðar annir, á í hættu á að flosna úr námi og er með lægri tekjur en grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar (Reykjavíkurborg, 2017).

Þegar niðurstöður rannsókna eru dregnar saman má álykta að staða ungs fólks sem þiggur námsaðstoðina sé einstaklega erfið þegar horft er á þær ástæður sem liggja til grundvallar því að njóta fjárhagsaðstoðar vegna náms. Staða þeirra getur trúlega verið erfiðari en tíðkast hjá öðrum nemendum í framhaldsskóla innan samfélagsins. Eins og kom fram hér að framan eru skilyrði fyrir umsækjendur námsaðstoðarinnar að hafa átt við mikla félagslega erfiðleika, hvort sem það er vegna persónulegra erfiðleika, fjölskyldu- og heimilisaðstæðna einstaklinga í uppvexti eða núverandi aðstæðna þeirra. Þá eru kröfur notenda námsaðstoðarinnar fremur háar þar sem þeir þurfa að mæta í regluleg viðtöl hjá félagsráðgjafa eða ráðgjafa í gegnum önnina, skila inn einkunnum, fullum 30 framhaldsskólæiningum og skólasókn upp að 90% til að njóta fjárhagsaðstoðar.

Þegar niðurstöður verklags og viðhorfa félagsráðgjafa og ráðgjafa eru dregnar saman má álykta að ákveðið misræmi sé á verklagi og þjónustu til notenda námsaðstoðarinnar á milli þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Þá er oft ósamræmi í svörum félagsráðgjafa og

ráðgjafa um hvaða verklagsákvæði eigi við og hvaða þættir vegi þyngst við umsókn notenda til námsaðstoðar. Þá er mismunandi hvort viðmælendur telji að mælitæki séu notað við ákvörðunartöku um námsaðstoð, skil á skólagögnum og hver lágmarkskrafa einingarfjölda notenda er á skólaönn. Félagsráðgjafar og ráðgjafar þurfa þó að fara eftir leiðbeiningum um reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar og því nauðsynlegt að þjónustumiðstöðvar vinni í samræmi við reglur um fjárhagsaðstoð til að gæta jafnræðis notenda sem sækja um námsaðstoð.

Eins og komið hefur fram eru flestir viðmælendur sammála um ágæti námsaðstoðarinnar en þó má sjá að sums staðar gætir ójafnræðis í ákvörðunartöku vegna námsaðstoðarinnar sem og verklagi og kröfum er varða nemendur. Þá mætti námsaðstoðin vera aðgengilegri og sýnilegri og einnig sögðu sumir viðmælendur það vera skynsamlegt að eldri einstaklingar gætu fengið námsaðstoð. Þá hefur komið fram að notendum námsaðstoðar hefur fækkað og skýrist það ef til vill í betra aðgengi að atvinnu í samfélaginu, eða þá að ungt fólk treysti sér ekki til að vera í námi vegna persónulegra erfiðleika, fátæktar eða annarra þátta. Höfundur veltir fyrir sér hvort hægt væri að breyta reglugerð svo að atvinnutekjur skerði ekki fjárhagsaðstoðina og leyfi notendum að vinna á sumrin eða samhliða náminu. Notendur námsaðstoðarinnar þurfa margvíslegan stuðning á námstímanum og nauðsynlegt er að gefa félagsráðgjöfum og ráðgjöfum þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar meiri sveigjanleika til þess að geta veitt notendum betri stuðning sem og eftirfylgni í málum einstaklinga með námsaðstoð.

Höfundur leggur til að úrræðið *Andrými* verði notað hjá Reykjavíkurborg. Úrræðið er fyrir ungt fólk á aldrinum 18 til 24 ára sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks. Í *Andrými* getur ungt fólk komið saman á öruggum og áhyggjulausum stað þar sem það getur kynnst öðru ungu fólki sem er á svipuðum stað í lífinu. Ungt fólk getur því styrkt félagsleg tengsl sín á milli og skapað félagsauð sem bætir andlega vellíðan einstaklinga, veitir aðgengi að stuðningi og björgum sem getur dregið úr félagslegri einangrun. Í *Andrými* geta félagsráðgjafar í samráði við aðra fagaðila, ungt fólk á fjárhagsaðstoð og sjálfboðaliðar komið að úrræðinu með heildarsýn að leiðarljósi og beitt styrkleikakenningum til þess að aðstoða ungt fólk betur við að ná markmiðum sínum sem og að hámarka getu þeirra í núverandi lífi og til framtíðar. Fagaðilar í samstarfi við aðra geta því styrkt notendahópinn á margvíslegan hátt og aðstoðað það betur við nám sitt eða hjálpað því út á atvinnumarkaðinn við lok menntunar þeirra. Það stuðlar að bættri líðan og styrkir stöðu þess innan samfélagsins. Innleiðing á slíku úrræði getur



aukið eftirfylgni og veitt markvissari stuðning félagsráðgjafa við notendahóp námsaðstoðarinnar.

Við vinnslu þessara ritgerðar komu upp ýmsar vangaveltur um frekari rannsóknir á málaflokknum. Höfundur telur að þörf sé á að rannsaka stöðu ungs fólks sem er á fjárhagsaðstoð hér á Íslandi enn frekar vegna þess að það eru ekki til margar rannsóknir á þessu sviði. Fræðin eru af skornum skammti sem sýnir að það vantar töluvert fleiri íslenskar rannsóknir í þessum tiltekna málaflokki og þá sérstaklega sem snúa að konum og einstæðum mæðrum þar sem niðurstöður rannsókna benda til þess að þær séu í meirihluta notenda á fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks. Því þykir höfundi nauðsynlegt að rannsaka stöðu þeirra nánar. Þá telur höfundur að skoða ætti nánar stöðu ungs fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks í öllum landshlutum til að fá samanburð.

Höfundur vonast til þess að niðurstöður þessarar rannsóknar leiði til nýjunga á sviði þekkingar og frekari rannsókna á viðfangsefninu til hagsbóta fyrir Reykjavíkurborg sem og notendur námsaðstoðarinnar. Að sama skapi vonast höfundur til þess að rannsóknin auki þekkingu lesenda og almennings á stöðu ungs fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks.

---

Alexandra Elísa Gunnarsdóttir

## Heimildaskrá

- Amati, V., Rivellini, G. og Zaccarin, S. (2014). Potential and effective support networks of young Italian adults. *Social Indicators Research*, 3(122), 807–831.  
doi:doi.org/10.1007/s11205-014-0706-7
- Arnett, J. J. (2014). Presidential address: The emergence of emerging adulthood: A personal history. *Emerging Adulthood*, 2(3), 155–163.  
doi:https://doi.org/10.1177/2167696814541096
- Arnold, E. M., Walsh, A. K., Oldham, M. S., og Rapp, C. A. (2007). Strengths-based case management: Implementation with high-risk youth. *Families in Society*, 88(1), 86–94.  
doi:doi.org/10.1606/1044-3894.3595
- Barnalög nr. 76/2003.
- Berk, L. E. (2014). *Exploring lifespan development* (3. útgáfa). Boston: Pearson/Allyn and Bacon.
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í John G. Richardson (ritstjóri), *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education* (bls. 241–260). New York/Westport/London: Greenwood Press.
- Coleman, J. S. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94(1), 95–120.
- Coleman, J. S. (1994). *Foundations of Social Theory*. Belknap Press, Cambridge MA.
- Cundiff, J. M., Smith, T. W., Uchino, B. N. og Berg, C. A. (2013). Subjective social status: Construct validity and associations with psychosocial vulnerability and self-rated health. *International Journal of Behavioral Medicine*, 20(1), 148–158.  
doi:doi.org/10.1007/s12529-011-9206-1
- Day, C., og Evans, R. (2015). Caring Responsibilities, Change and Transitions in young people's family lives in Zambia. *Journal of Comparative Family Studies*, 46(1), 137–152. doi: doi.org/10.3138/jcfs.46.1.137
- Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir. (2012). *Úttekt á fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar: Samantekt*. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/\\_ttekt\\_fj\\_rhagsa\\_sto\\_samkv\\_mt\\_reglum\\_reykjav\\_kurborgar.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/_ttekt_fj_rhagsa_sto_samkv_mt_reglum_reykjav_kurborgar.pdf)
- Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). Jaðarstaða foreldra – velferð barna. Í Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), *Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar* (bls. 7–32). Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF).

- Embætti landlæknis. (2014). Siðareglur félagsráðgjafa. Sótt af:  
<https://www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>
- Field, J. (2017). *Social Capital* (3. útgáfa). New York, NY: Routledge.
- Grétar Þór Eypórsson. (2013). Spurningakannanir: Um orð og orðanotkun, uppbyggingu og framkvæmd. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 453–472). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). Einstaklingar: Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri 2004-2016. Sótt af  
[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_lifskjor\\_\\_4\\_husnaedismal\\_\\_husnaedileiga/LIF03211.px/](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__lifskjor__4_husnaedismal__husnaedileiga/LIF03211.px/)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841 -2019. Sótt af  
[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_Yfirlit\\_manfjolda/MAN00101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=c4da3c59-773e-41bc-b08a-a1fe54c779d6](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_manfjolda/MAN00101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=c4da3c59-773e-41bc-b08a-a1fe54c779d6)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-c). Mun færri innflytjendur útskrifast af framhaldsskólastigi. Sótt af  
[https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/utskrifadir-nemendur-ur-framhaldsskolum-og-haskolum-2016-2017/?fbclid=IwAR0UvXEL-p6BQ7Q-ItFh\\_MsVY7ra-poBmTZWDBSAL3Cpi-8PxMlkziBc3Co](https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/utskrifadir-nemendur-ur-framhaldsskolum-og-haskolum-2016-2017/?fbclid=IwAR0UvXEL-p6BQ7Q-ItFh_MsVY7ra-poBmTZWDBSAL3Cpi-8PxMlkziBc3Co)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-d). Um Hagstofuna. Sótt af <https://hagstofa.is/um-hagstofuna/>
- Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir og Jón Sigfússon. (2011). *Ungt fólk 2010 Framhaldsskólanemar: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi: Samanburður rannsókna frá 2004, 2007 og 2010*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Hrefna Pálsdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Ingibjörg Eva Þórisdóttir. (2014). *Ungt fólk 2013: Framhaldsskólar Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun, heilsuhegðun og heilsuvísar, líðan og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining
- Íslensk orðabók*. (e.d.). Sótt af <https://snara.is/>
- Keeler, A. (2013). Social exclusion. Í Aidan Worsley, Tim Mann, Angela Olsen og Elizabeth Mason-Whitehead (ritstjórar), *Key concepts in social work practice* (bls. 237–241). doi:dx.doi.org/10.4135/9781473914988.n52

- Kosidou, K., Hellner-Gumpert, C., Fredlund, P., Dalman, C., Hallqvist, J., Isacson, G. og Magnusson, C. (2012). Immigration, transition into adult life and social adversity in relation to psychological distress and suicide attempts among young Adults. *PLOS ONE*, 7(10), 1–7. doi:doi.org/10.1371/journal.pone.0046284
- Lamb, S. og Markussen, E. (2011). School dropout and completion: An international perspective. Í Lamb, S., Markussen, E., Teese, R., Sandberg, N., og Polesel, J (ritstjórar), *School dropout and completion* (bls. 1–18). doi:10.1007/978-90-481-9763-7
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Lounsbury, J. W., Fisher, L. A., Levy, J. J., og Welsh, D. P. (2009). An investigation of character strengths in relation to the academic success of college students. *Individual Differences Research*, 7(1), 52–69.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga 90/2018.
- McClennen, J., Keys, A. M., og Day, M. L. (2017). *Social work and family violence: theories, assessment, and intervention* (2. útgáfa). New York: Springer Publishing Company.
- Menntamálastofnun. (2018). *Aðgerðir gegn brotthvarfi: Staða verkefnis- febrúar 2018*. Sótt af [https://mms.is/sites/mms.is/files/adgerdir\\_gegn\\_brotthvarfi\\_stoduskyrsla\\_februar\\_2018.pdf?fbclid=IwAR1HvSANHmcFECvh9JsrFf3z4TWFRyZrBwFDhtal-wHHGi5C6sc4QewEAhw](https://mms.is/sites/mms.is/files/adgerdir_gegn_brotthvarfi_stoduskyrsla_februar_2018.pdf?fbclid=IwAR1HvSANHmcFECvh9JsrFf3z4TWFRyZrBwFDhtal-wHHGi5C6sc4QewEAhw)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf?fbclid=IwAR1\\_I59iwtav5ik290IkOr5fsF9qc3vMeMDC8elp6UPCQCSobZ5R-XuWxXE](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf?fbclid=IwAR1_I59iwtav5ik290IkOr5fsF9qc3vMeMDC8elp6UPCQCSobZ5R-XuWxXE)
- Neuman, W. L. (2014). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches* (7. útgáfa). Boston: Pearson Education.
- Office for National Statistics. (2019). Young people not in education, employment or training (NEET) february 2019. Sótt af <https://www.ons.gov.uk/employmentandlabourmarket/peoplenotinwork/unemployment/bulletins/youngpeoplenotineducationemploymentortrainingneet/february2019>

- Padgett, D.K. (2017). *Qualitative methods in social work research* (3. útgáfa). Thousands Oaks: Sage Publications.
- Park, N., og Peterson, C. (2006). Moral competence and character strengths among adolescents: The development and validation of the Values in Action Inventory of Strengths for Youth. *Journal of Adolescence*, 29(6), 891–910.  
doi:doi.org/10.1016/j.adolescence.2006.04.011
- Pattoni, L. (2012). Strengths-based approaches for working with individuals. Sótt af <https://www.iriss.org.uk/resources/insights/strengths-based-approaches-working-individuals>
- Perovic, B. (2015). *Defining youth in contemporary national legal and policy frameworks across Europe*. Sótt af <https://pjp-eu.coe.int/documents/1017981/1668203/Analytical+paper+Youth+Age+Bojana+Perovic+4.4.16.pdf/eb59c5e2-45d8-4e70-b672-f8de0a5ca08c>
- Persona. (2004). Samhengi atvinnuleysis og (van)líðanar. Sálfræðilegar og félagsfræðilegar rannsóknir á áhrifum atvinnuleysis. Sótt af <https://www.persona.is/index.php?action=articles&method=display&aid=185&pid=27>
- Petrogiannis, K. (2011). Conceptions of the transition to adulthood in a sample of Greek higher education students. *International Journal of Psychology and Psychological Therapy*, 11(1), 121–137. Sótt af <http://www.ijpsy.com/volumen11/num1/286/conceptions-of-thetransition-to-adulthood-EN.pdf>
- Putnam, R. D. (2000). *Bowling alone. The collapse and revival of American community*. New York: Simon & Schuster.
- Reykjavíkurborg. (e.d.-a). Félagsleg ráðgjöf. Sótt af <https://reykjavik.is/thjonusta/felagsleg-radgjof>
- Reykjavíkurborg. (e.d.-b). Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur\\_um\\_fjarhagsadstod\\_.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_um_fjarhagsadstod_.pdf)
- Reykjavíkurborg. (e.d.-c). Umsókn um fjárhagsaðstoð. Sótt af [https://rafraen.reykjavik.is/content/files/public/fjarhagsadstod\\_2016.pdf](https://rafraen.reykjavik.is/content/files/public/fjarhagsadstod_2016.pdf)
- Reykjavíkurborg. (2016). Þjónustumiðstöð Vesturbæjar sameinast Miðborg og Hlíðum. Sótt af <https://reykjavik.is/frettir/thjonustumidstod-vesturbaejar-sameinast-midborg-og-hlidum>

- Reykjavíkurborg. (2017). *Leiðbeiningar með reglum um fjárhagsaðstoð*. Reykjavík: Reykjavíkurborg. (Leiðbeiningar fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar).
- Rice, J. G. og Rannveig Traustadóttir. (2011). Fátækt, fötlun og velferð. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 7(2), 387–404. Sótt af [https://www.researchgate.net/publication/304490386\\_Fataekt\\_fotlun\\_og\\_velferd](https://www.researchgate.net/publication/304490386_Fataekt_fotlun_og_velferd)
- Rubin, M., Evans, O., og Wilkinson, R. B. (2016). A longitudinal study of the relations among university students' subjective social status, social contact with university friends, and mental health and well-being. *Journal of Social and Clinical Psychology*, 35(9), 722–737. doi:doi.org/10.1521/jscp.2016.35.9.722
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Inngangur að aðferðafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 17–30). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja - Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigrún Harðardóttir og Guðrún Kristinsdóttir. (2016). Námserfiðleikar og velgengi í námi: Um mikilvægi stuðnings. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. Sótt af [http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/02\\_ryn\\_arsrit\\_2016.pdf](http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/02_ryn_arsrit_2016.pdf)
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknum* (bls. 229–237). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- UNESCO. (2017). Exclusion. Sótt af <http://www.unesco.org/new/en/social-and-human-sciences/themes/international-migration/glossary/exclusion/>
- United Nations. (2018). *Youth 2013 Working with and for young people: United Nations youth strategy*. Sótt af [https://www.un.org/youthenvoy/wp-content/uploads/2018/09/18-00080\\_UN-Youth-Strategy\\_Web.pdf](https://www.un.org/youthenvoy/wp-content/uploads/2018/09/18-00080_UN-Youth-Strategy_Web.pdf)
- Velferðarráðuneytið. (2015). *Skýrsla velferðarvaktarinnar: Tillögur um aðgerðir til að vinna bug á fátækt*. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/velferðarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/skyrsla\\_velferðarvaktar\\_jan2015.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferðarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/skyrsla_velferðarvaktar_jan2015.pdf)
- World Health Organization. (2019). Adolescent health and development. Sótt af [http://www.searo.who.int/entity/child\\_adolescent/topics/adolescent\\_health/en/](http://www.searo.who.int/entity/child_adolescent/topics/adolescent_health/en/)

Zhu, X., Woo, S. E., Porter, C. og Brzezinski, M. (2013). Pathways to happiness: From personality to social networks and perceived support. *Social Networks*, 35(3), 382–393. doi:doi.org/10.1016/j.socnet.2013.04.005

Zorotovich, J. R. (2014). Five dimensions of emerging adulthood: A comparison between students, nonstudents, and college graduates. Sótt af [http://trace.tennessee.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=4217&context=utk\\_graddiss](http://trace.tennessee.edu/cgi/viewcontent.cgi?article=4217&context=utk_graddiss)

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðarfræði rannsókna* (bls. 113–128). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Æskulýðslög nr. 70/2007.

## Viðaukar

### Viðauki 1: Leyfisbréf fyrir rannsókn frá Reykjavíkurborg



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Höfðatorgi, Borgartúni 12 - 14  
105 Reykjavík  
Símanúmer: 411-9000

Alexandra Elísa Gunnarsdóttir  
BA-nemi í félagsráðgjöf  
Félagsráðgjafadeild  
Félagsvísindavísindasvið Háskóla Íslands

#### Leyfisbréf fyrir rannsókn á stöðu ungmenna í Reykjavík sem þiggja fjárhagsaðstoð með námsstyrk

Hér með er þér veitt umbeðið leyfi fyrir rannsókn sem hefur það að markmiði að skoða:


- 1) Stöðu ungmenna á aldrinum 18 til 25 ára sem þiggja fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks.
- 2) Hvaða kröfur og skilyrði sem notendur þurfa að uppfylla til þess að njóta fjárhagsaðstoðar.
- 3) Vinnulag og viðhorf félagsrágjafa/ráðgjafa þjónustumiðstöðva velferðarsviðs.

Með rannsókninni er leitast við að varpa ljósi á þann notendahóp sem framfleyta sér með fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks hjá Reykjavíkurborg.

Leyfið er bundið við að rannsakandi greini tölfræði upplýsingar varðandi notendur fjárhagsaðstoðar með námsstyrk á tímabilinu 2012-2017 út frá fjölda, aldri, kyni, fjölskyldugerð og búsetu. Einnig að kanna hvaða kröfur notendur þurfa að uppfylla til þess að eiga rétt á aðstoðinni og leggja spurningalista fyrir félagsráðgjafa/ráðgjafa.

*Leyfið er gefið með þeim fyrirvara að farið sé að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og reglum og leiðbeiningum Persónuverndar um rannsóknir.*

Reykjavík 11.02.2019

  
Erla Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri gæða og rannsókna  
skrifstofu sviðsstjóra



## Viðauki 2: Kynningarbréf til þátttöku

Góðan daginn,

Ég heiti Alexandra Elísa Gunnarsdóttir og er að vinna að BA-lokaverkefni við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands undir leiðsögn Elísabetar Karlsdóttur aðjúkts. Rannsókn mín mun fjalla um stöðu ungs fólks á aldrinum 18 til 24 ára sem þiggja fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks ásamt því að skoða hvaða kröfur þau þurfa að uppfylla til þess að eiga rétt á aðstoðinni. Með rannsókninni er leitast við að varpa ljósi á þann notendahóp sem framfleytir sér með fjárhagsaðstoð vegna námsstyrks hjá Reykjavíkurborg.

Rannsóknin er tvíþætt, annars vegar verður unnið með niðurstöður notenda sem þiggja námsaðstoðar frá deilda gæða og rannsókna hjá Reykjavíkurborg og hins vegar aflað upplýsinga frá félagsráðgjöfum og ráðgjöfum Þjónustumiðstöðva Reykjavíkur. Markmið rannsóknar er að fá upplýsingar um aðstæður notenda námsaðstoðar, til dæmis aldur, búsetu, kyn og fjölskyldugerð með tölfræði upplýsingum sem og að fá upplýsingar um ástæður námsaðstoðar, skilyrði fyrir námsaðstoðinni og í hverju stuðningur við námsmenn felst.

Ég myndi meta mikils ef þú gæfir tíma til að svara könnuninni sem send er út vegna þessarar rannsóknar. Spurningalistanum er skipt í þrjá hluta, verklag, viðhorf og bakgrunnsspurningar. Ég vil þó benda þér á að þér er ekki skylt að svara spurningalistanum í heild sinni né einstaka spurningum en öll þátttaka er vel þegin.

Með könnuninni verður fullri nafnleynd heitið og fyllsta trúnaði verður gætt.

Með von um góða þátttöku,

Alexandra Elísa Gunnarsdóttir

## Viðauki 3: Spurningalisti

### Bakgrunnsspurningar

#### 1. Hver er þinn vinnustaður?

- Þjónustumiðstöð Árbær og Grafarholt
- Þjónustumiðstöð Breiðholts
- Þjónustumiðstöð Grafarvogur og Kjalarnes
- Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
- Þjónustumiðstöð Vesturbær, Miðborg og Hlíðar
- Ég vil ekki svara
- Annað

#### 2. Hvaða menntun hefur þú lokið?

- Félagsráðgjöf BA með starfsréttindum
- Félagsráðgjöf MA með starfsréttindum
- BA eða BS prófi í Háskóla – í hverju (skrifað í others dálkinn)
- Meistaraprófi (MA, MS eða MBA) – í hverju (skrifað í others dálkinn)
- Diplómanám – í hverju (skrifað í others dálkinn)
- Viðbótardiplómanám – í hverju (skrifað í others dálkinn)
- Doktorsprófi í Háskóla – í hverju (skrifað í others dálkinn)
- Ég vil ekki svara
- Annað

#### 3. Hversu lengi hefur þú starfað innan Reykjavíkurborg?

- 1 ár eða minna
- 2 – 5 ár
- 6 – 10 ár
- 11 – 20 ár
- 20 ár eða lengur
- Ég vil ekki svara
- Annað

#### **4. Hver er þinn aldur?**

- 20 – 30 ára
- 31 – 40 ára
- 41 – 50 ára
- 51 – 60 ára
- 61 – 70 ára
- Eldri en 71 ára
- Ég vil ekki svara
- Annað

#### **5. Hvaða kyn ert þú?**

- Karlkyn
- Kvenkyn
- Ég vil ekki svara

### **Verklag**

#### **6. Hvað af þessum þáttum vegur þyngst þegar kemur að því að meta umsókn notenda um námsaðstoð?**

- Núverandi aðstæður notenda í dag
- Fjölskyldu- og heimilisaðstæður notenda í uppvexti
- Persónlegir erfiðleikar notenda í uppvexti
- Allir þessir þættir
- Ég veit ekki
- Ég vil ekki svara
- Annað

#### **7. Eru mælitæki notuð við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar?**

- Já
- Nei
- Ég veit ekki
- Ég vil ekki svara
- Annað

**8. Ef já, hvaða mælitæki er notað við ákvörðunartöku notenda til námsaðstoðar**

- ASEBA
- EMS
- Ég veit ekki
- Annað

**9. Er gert samkomulag um félagslega ráðgjöf við notendur við upphaf námsaðstoðarinnar?**

- Já
- Nei
- Ég veit ekki
- Ég vil ekki svara
- Annað

**10. Ef já, hvers konar samkomulag er gert við notendur?**

- Skilum varðandi einkunnir
- Skilum varðandi námsframvindu
- Skilum varðandi skólasókn
- Allir þessir þættir
- Ég veit ekki
- Ég vil ekki svara
- Annað

**11. eru gerðar kröfur um regluleg viðtöl við notendur á skólaönn?**

- Já
- Nei
- Ég vil ekki svara
- Annað

**12. Ef já, hversu mörg viðtöl eru veitt notendum á skólaönn?**

- 1 sinni
- 2 sinnum
- 3 sinnum
- 4 sinnum
- 5 sinnum
- Oftar en 5 sinnum
- Eftir samkomulagi
- Annað

**13. Hver er lágmarkskrafa einingarfjölda notenda á skólaönn?**

- 0 til 10 einingar
- 10 til 20 einingar
- 20 til 30 einingar
- 30 til 40 einingar (fullt nám)
- Ég veit ekki
- Ég vil ekki svara
- Annað

**14. Þurfa notendur frekari stuðning gegnum námstímabilið sitt?**

- Já
- Nei
- Ég vil ekki svara
- Annað

**15. Hvernig er stuðningur veittur notendum?**

- \_\_\_\_\_

## Viðhorf

### 16. Hver er þín upplifun á fyrirkomulagi fjárhagsaðstoðar vegna námsstyrks?

- Mjög árangursrík
- Frekar árangursrík
- Hvorki árangursrík né óárangursrík
- Hún er ekki sérlega árangursrík
- Hún er alls ekki árangursrík
- Ég vil ekki svara

### 17. Telur þú að notendur skili almennt góðum námsárangri með námsaðstoðinni?

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Ég vil ekki svara

### 18. Telur þú að námsaðstoðin sé gagnlegt úrræði fyrir notendur?

- Mjög gagnlegt
- Frekar gagnlegt
- Hvorki gagnlegt né ógagnlegt
- Hún er ekki sérlega gagnleg
- Hún er alls ekki gagnleg
- Ég vil ekki svara

### 19. Telur þú að það sé auðvelt fyrir notendur að nálgast upplýsingar um námsaðstoðina?

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Ég vil ekki svara

**20. Telur þú að námsaðstoðin sé að mæta þeim markhópi sem þarf á námsaðstoðinni að halda?**

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Ég vil ekki svara

**21. Telur þú þörf á úrbótum á námsaðstoðinni?**

- Já
- Nei
- Ég vil ekki svara
- Annað

**22. Ef já, hvers konar úrbót?**

- \_\_\_\_\_

**23. Að þínu mati, hver er ástæða þess að fækkað hefur á námsaðstoð?**

- \_\_\_\_\_

**24. Að lokum, er eitthvað sem þú myndir vilja bæta við eða koma á framfæri**